

Bæjarins besta

ÓHÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Miðvikudagur 8. janúar 1997 • 1. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Íbúum á Vestfjörðum

Fækkaði um 159 á milli ára

Íbúum á Vestfjörðum fækkaði um 159 á milli árunna 1995 og 1996 samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands um mannfjölda á Íslandi. Íbúar á Vestfjörðum voru 8.856 þann 1. desember síðastliðinn á móti 9.015 árið á undan. Karlar reyndust vera 340 fleiri en konur en alls bjuggu 4.598 karlar á Vestfjörðum í desember og 4.258 konur.

Á milli árunna 1995 og 1996 fækkaði íbúum mest í Hnífsdal en þaðan fluttust 69 einstakl-

ingar umfram þá sem settust að. Þá futtust 75 einstaklingar úr strjábýli og munar þar mest um 25 einstaklinga sem fluttust úr Ísafjarðardjúpi og 22 einstaklinga sem fluttust frá Vestur-Barðastrandarsýslu. Íbúum á Ísafirði fjölgaði um 49 á milli árunna 1995 og 1996, íbúum í Súðavík fjölgaði um 25 og 21 fleiri settist að í Bolungarvík en fluttu þaðan. Sjá nánar frétt um mannfjöldann á Vestfjörðum á bls. 7.



Álfadans á síðasta degi jóla

Hin árlega Prettándagleði fór fram í Bolungarvík á mánudagskvöld. Safnast var saman við grunnskólann á staðnum þaðan sem gengið var að íþróttasvæðinu við Hreggnasa. Gleðin tókst í alla staði vel enda var veður til slíkra gleðihalda eins og best verður á kosið. Álfakonungur og drottning mættu á svæðið ásamt fylgdarliði og þar voru einnig ýmsar furðuverur, eins og Grýla og Leppalúði, Skrattinn og púkar hans að ógleymdum jólasveinunum. Mikill fjöldi fólks, víða að úr nágrennabygðunum mætti til gleðinnar. Ljósmyndari blaðsins var í Bolungarvík á mánudagskvöld og tók þá meðfylgjandi mynd.

Borgarafundur um atvinnuástandið á Þingeyri

Hörð gagnrýni á þingmenn og stjórnvöld


Á borgarafundi sem áhuga-fólk um atvinnumál á Þingeyri efndi til og haldinn var í félagsheimilinu á staðnum á föstudag, kom fram hörð gagnrýni á þingmenn kjördæmisins og stjórnvöld fyrir hvernig haldið hefur verið á málum varðandi atvinnumál staðarins. Þá kom fram mikil gagnrýni á kvótakerfið og framsali aflaheimilda, en Þingeyri hefur tapað miklum aflaheimildum á síðustu árum.

Fjöldi heimamanna mætti til fundarins auk þingmanna kjördæmisins og forsvarsmanna Ísafjarðarbæjar. Á fundinum kom fram að það myndi skýrast á næstu vikum hvort tilraunum Byggingastofnunar um að bjarga

Fáfni hf., frá gjaldþroti myndu takast. Stofnunin samþykkti um miðjan nóvember að veita fyrirtækinu 40 milljóna króna styrk gegn því að frjálsir nauðasamningar tækjust um greiðslu 20% skulda og var hann greiddur í þrennu lagi á haustdögum auk þess sem 12 milljóna króna láni var breytt í hlutafé.

Þingmenn kjördæmisins lýstu allir sem einn áhyggjum yfir ástandinu á staðnum og ítrekuðu að afstaða þeirra til vandans skiptist ekki í pólitískt horn. Einhugur ríkti um að þörf væri á úrbótum en vandinn væri hins vegar viðameiri en svo að þar kæmu til einfaldar lausnir.

Sjá einnig frétt á bls. 3.



Frá Þingeyri.



Gleðilegt ár!

Blaðsíða 10

Rófur teknar upp um hávetur



Blaðsíða 13

Golfvertíðin hafin á Þingeyri



Blaðsíða 16

Fyrsta barn ársins 1997



Spurningin

Hvernig líst þér á útlendingana?



Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvík:

„Mér líst bara vel á þá en maður hefur nú horft meira á stelpurnar. Nei svona án gríns, þá skilst mér að útlendingarnir sem eru í vinnu hér í Bolungarvík séu mjög góður og áreiðanlegur starfskraftur. Það virðist vera að Íslendingar vilji ekki vinna við fiskvinnslu og mér hefur lengi synst það nauðsynlegt að fundnar yrðu leiðir til að laða fólk launalega að þessum störfum. Það er ljóst að mörg fiskvinnslufyrirtæki hafa verið að stórbæta alla aðstöðu og aðbúnað fyrir starfsfólk en samt sem áður virðist það ekki duga til. Í mínum huga er þetta spurning um launakjör og í framhaldi af því hvernig stjórnvöld, atvinnurekendur og sveitarfélög geti sameinast um að lyfta þessum launum upp þannig að þau verði aðgengileg fyrir fólk.“

Samkvæmt úttekt BB á hlutfalli erlends verkalífs í fiskvinnslu á Vestfjörðum, þá eru um 33% alls fiskverkanarlífs í Bolungarvík útlendingar. Útlendingarnir, sem flestir eru frá Póllandi hafa sett svip sinn á bæjarlífið og þykja hafa synt og sannað að þeir eru traustir og áreiðanlegir starfsmenn. Skortir á Íslendingum til fiskvinnslu þykir mörgum furðu sæta ekki sist vegna þeirra miklu endurbóta sem gerðar hafa verið á húsnæði Bakka hf. í Bolungarvík. Það er af mörgum talli eitt fullkominasta vinnsluhús landsins og þótt víðar væri leitast og skyldi því vera hægt að ætla, að fólk myndi sækjast eftir vinnu þar sem aðbúnaður starfsfólks er með því besta sen gerist.



Stjórn Íshúsfélags Ísfirðinga ásamt framkvæmdastjóra fyrirtækisins. F.v.: Jón Kristmannsson, Kristján G. Jóhannsson, Björgvin Bjarnason, framkvæmdastjóri og Magnús Reynir Guðmundsson, stjórnarformaður.

Íshúsfélag Ísfirðinga hf.

Áttatíu og fimm ára afmæli fyrirtækisins fagnað

Íshúsfélag Ísfirðinga hf., fyrirtækið sem hefur verið einn af burðarásum ísfrisks atvinnulífs um áratuga skeið, var 85 ára í gær, þriðjudaginn 7. janúar. Til að minnast tíu áttatíu ára buðu eigendur fyrirtækisins, starfsfólki og velunnurum þess til afmælisveislu sem haldin var í kaffisal fyrirtækisins í gærmorgun og mættu um eitt hundrað manns til að samgledjast eigendum Íshúsfélagsins.

Stærsti eigandi Íshúsfélags Ísfirðinga í dag er útgerðarfyrirtækið Gunnvör hf., með um 97% hlutfjáreign. Fyrir áramót seldi Íshúsfélagið annan tveggja togara sinna, Framnes ÍS, ásamt veiðiheimum til Gunnvarar hf., auk

helmings hlutfjár síns í Sölu- miðstöð hraðfrystihúsanna og lækkuðu skuldir fyrirtækisins um 65% við þá ráðstöfun.

Stærstu eignir fyrirtækisins í dag, fyrir utan húseign þess og vélbúnað, er helmingshlutur í Mjölvinnslnunni hf., í Hnífsdal, 3,3% hlutur í Sölu- miðstöð hraðfrystihúsanna og skuttog- arinn Stefir ÍS ásamt veiðiheimum Stefir ÍS ásamt veiðiheimum Stefir ÍS ásamt veiðiheimum Stefir ÍS.

Stjórn fyrirtækisins á afmælisárinu er skipuð þeim Magnúsi Reyni Guðmundssyni, Kristján G. Jóhannssyni og Jóni Kristmannssyni. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins í

dag er Björgvin Bjarnason. Fráfarandi framkvæmdastjóri er Jóhannes G. Jónsson, en hann gengdi starfinu um tuttugu ára skeið og lét af störfum á síðasta ári.

Rekstur fyrirtækisins hefur verið erfiður undanfarin misseri, en með sölu á hluta af eignum þess, horfa stjórnendur fyrirtækisins fram á bjartari tíma. „Ég er sæmilega bjartsýnn á þetta ár, en hins vegar geri ég mér grein fyrir því hvað rekstur sem þessi getur verið erfiður. Það er um mjög þröngan stíg að ganga í rekstri fiskvinnslufyrirtækja í dag en við munum halda landvinnslunni áfram og ætlum að standa okkur,“ sagði Björgvin Bjarnason í samtali við blaðið.



Þrjú af starfsmönnum fyrirtækisins njóta hér þeirra veitinga sem í boði voru. Frá vinstri: Ingibjörg Sigurjónsdóttir, Áry Aurangasri Hinriksson og Anna Lára Guðmundsdóttir.



Jóhannes G. Jónsson, fráfarandi forstjóri Íshúsfélagsins fær sér hér sneið af afmælistertunni.

Hrönn hf. - Samherji hf.

Sameining ákveðin

Eigendur Hrannar hf., á Ísafirði og Samherja hf., á Akureyri, undirrituðu í gær samkomulag um að sameina fyrirtækin undir nafni Samherja hf. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að Guðbjörg ÍS-46, verði áfram gerði út frá Ísafirði, en fjölmargir eru efns um að svo verði nema til skamms tíma. Kvóti Guðbjargar er 3.400 þig.tonn, að verðmæti tæpir tveir milljarðar króna, miðað við núgildandi verða á varanlegum kvóta.

Við sameininguna eignast hluthafar Hrannar hlutabréf í Samherja. Velta Hrannar var á síðasta ári um 550-600 milljónir króna og hjá fyrirtækinu starfa um 40 manns. Við sameininguna hættir Hrönn hf., rekstri. Vitað er að Básafell hf., hafði fullan hug á viðræðum við Hrönn, en svo virðist sem áhuga hafi skort hjá eigendum Hrannar til slíkra viðræðna. Ljóst er að ef kvóti Guðbjargar fer frá Ísafirði, verður um mikla blóðtöku að ræða fyrir byggðarlagið.

Bæjarins besta

Stofnab 14. nóvember 1994

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☐ 456 4564

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Netfang:

hprent@snerpa.is

Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

Litið um öxl

Leiðari

Ljósadýrð jólanna er slokkuð. Gamla árið var kvatt með tilþrifum að venju. Bolvíkingar kvöddu jólin með þrettándabrennu og álfadansi. Fulltrúar flestra vætta, sem okkur eru að öllu jöfnu ekki sýnilegir, voru mættir.

Ársin 1996 verður minnst á margan hátt. Línurit reiknimeistaranna þokuðust upp á við: Aflaverðmæti sjávarafurða jókst; kaupahéðnar þóttust greina vaxandi flæði peninga; veðursæld var með betra móti. Merkjanlegur efnahagsbati var sagður hafa komið fram á skjálftamælum stjórnvalda. Almennungur telur sig hins vegar furðu lítið hafa orðið varan við titringinn. Fátækt varð allt í einu afstætt hugtak og fátæklingar nú sagðir vart margir ef borin eru saman kjör fólks nú og þurrabúðarfólks og kotbænda við síðustu aldamót.

Um mitt ár fengum við nýjan forseta. Eftir fyrstu heimsókn sína til fólksins úti á landi var hann minntur á að helsti kostur forseta væri að kunna að halda sér saman. Helsti umvöndunarpostulinn var styrkþegi nokkur hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, hverri enn stendur föst í útlistun á hálftrar milljón króna styrkveitingu til gælulverkefnis styrkþegans. Tilfni „lausmælgj“ forsetans voru vegirnir á sunnanverðum Vestfjörðum, holóttari en nokkur ostagegund. Almenn þótti Vestfirðingum ábending forsetans tímabær og þörf.

Við áramót sagði til sín sá reglubundni kækur dagblaðanna að

spyrja alltaf sama fólk sömu spurninganna. Venjulegu jónarnir fá nokkrar línur fyrir fjölskyldumál meðan stjórnmalamenn og aðrir framámenn setja sig í stellingar á 50 dákísentimetrum.

Áramótahugleiðing forsætisráðherra í Morgunblaðinu og ávarp hans á þremur sjónvarpsstöðvum á gamlárskvöld vöktu athygli og hafa kallað á snörp viðbrögð. Þannig snýst fyrsta Reykjavíkurbref Morgunblaðsins á nýju ári að mestu leyti um afstöðu ráðherrans í kvótamálinu og ummæli hans í greindum tilvikum. Þungi þessarar umræðu á eftir að vaxa.

Ýmis „gullkorn“ hrukku úr pennum stjórnmalamanna og annarra „leiðtoga“ í íslenskum stjórnmalum um áramótin. Fer ekki hjá því að mörg þeirra verði rifjuð upp þegar fram líður og henta þykir.

Í upphafi nýs árs eru meiri ófriðarblikur á lofti á vinnumarkaðnum en verið hafa svo árum skiptir. Það er þungt í mönnum. Um framvinduna er ómögulegt að geta sér til um. Eitt er víst: Orðið „þjóðarsátt“ fyrirfinnst ekki lengur í orðabók aðila vinnumarkaðarins.

Hátíð friðarins er að baki. Hversdagsleikinn tekinn við. Hver veit nema sú merkilega uppgötvun, að Íslendingar búa við fleiri birtustundir en hinir sólhrjáðu Ítalir, verði innlegg í komandi kjarabaráttu.

s.h.

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Á fjórða hundruð milljónir þarf til björgunar Fáfni

– „fyrirtækið myndi samt tapa fé áfram og slík upphæð yrði uppurin á tiltölulega skömmum tíma,” sagði Sighvatur Björgvinsson, alþingismaður, á fundinum. Tilraunir Bygðastofnunar um hvort bjarga megji Fáfni hf., frá gjaldproti skýrast á næstu vikum

Hörð gagnrýni kom fram á þingmenn Vestfjarða og stjórnvöld á almennum borgarafundi sem haldinn var í félagsheimilinu á Þingeyri á föstudag, um atvinnuástandið á staðnum, en eins og kunnugt er hafa um sjötíu manns á staðnum verið án atvinnu frá því á haustdögum. Það var áhugafolk um atvinnumál á Þingeyri sem boðaði til fundarins og voru þar mættir þingmenn kjördæmisins, fulltrúar bæjarstjórnar Ísafjarðar auk fjölda heimamanna. Þingmenn Vestfjarða lýstu allir sem einn yfir miklum áhyggjum vegna þessa alvarlega ástands, og ítrekuðu að afstaða þeirra til vandans skiptist ekki í pólitísk horn. Einhugur ríkti um að þörf væri á úrbótum en vandinn væri hins

vegar viðameiri en svo að þar kæmu til einfaldar lausnir.

Ragnheiður Ólafsdóttir, talsmaður þeirra sem að fundinum stóðu, sagði í máli sínu að hún teldi núverandi kvótakerfi einn mesta skaðvald þjóðarinnar um þessar mundir. Ragnheiður taldi brýnt að þingmenn og aðrir skorðu á stjórnvöld að breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu og afnema kvótabrask. Kvaðst hún líta svo á að þingmenn og bæjarstjórn hefðu ekki staðið sig sem skyldi varðandi tjáskipti við heimamenn, sem eigi kröfu á upplýsingum um gang mála. Sagði hún heimamenn ekki biðja um kraftaverk, heldur athafnir.

Einar Guðfinnsson, alþingismaður og stjórnarmaður í Bygðastofnun rakti erfiðleika

Fáfni síðustu ár og sagði að á haustdögum 1995 hefðu fyrst komið fram upplýsingar um hversu alvarlegt atvinnuástand væri á staðnum, um hálfu ári á eftir að Fáfni gekk í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu og formlegir nauðasamningar fóru fram. Sagði Einar að það myndi skýrast á næstu vikum hvort tilraunir Bygðastofnunar til að bjarga fyrirtækinu frá gjaldproti tækjust. Stofnunin samþykkti í nóvember síðastliðnum að veita fyrirtækinu 40 milljóna króna styrk gegn því að frjálsir nauðasamningar tækjust um greiðslu 20% skulda og hefði sá styrkur verið greiddur í þrennu lagi auk þess sem 12 milljóna króna lánum hefði verið breytt í hlutafé.



Frá Þingeyri.

Sigurður Kristjánsson, framkvæmdastjóri Fáfni sagði tafarlausa aðgerða þörf. Hann benti á í máli sínu að Kaupfélag Dýrfirðinga, sem er stærsti eigandi hlutafjár í Fáfni, hefði afskrifað háar fjárhæðir vegna Fáfni og nefndi í því sambandi rúmar 130 milljónir króna sem voru afskrifaðar um áramótin 1994 og 1995. Sigurður sagði að miklar tilraunir hafa verið gerðar til að efla fyrirtækið en rangt væri að vilji hafi verið fyrir að tengja Fáfni við sameiningu sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum. Ljóst hafi verið frá upphafi að hans mati, að aldrei hafi verið haft í hyggju að Fáfni tæki þar þátt, og hefði það valdið forráðamönnum fyrirtækisins miklum vonbrigðum.

Sigurður mótmælti því harðlega að staða Fáfni væri óeðlilega slæm miðað við ástandið í

heild og að fullyrðingar í þá veru væru tilhæfulegsar með öllu. Sighvatur Björgvinsson, alingismaður, minnti fundarmenn á að þingmenn væru ekki kjörnir til að stjórna einkafyrirtækjum og þeir hefðu ekki vald til að heimta upplýsingar frá þeim og gang mála, þó svo að þingmenn hefðu vitað lengi um þá erfiðleika sem eru á staðnum. Sagði Sighvatur að ljóst væri að Fáfni þyrfti á fjórða hundruð milljónir til björgunar, en samt myndi fyrirtækið tapa fé áfram og slík upphæð yrði uppurin á mjög stuttum tíma.

Þorsteinn Jóhannesson, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar sagði mjög brýnt að skattinn yrði ekki málaður á vegginn í sambandi við þessi mál, heldur þyrfti fólk að standa saman og finna lausn. Hann bað fundarmenn að tengja atvinnumál á Þingeyri

ekki um of við hörmungarsögu Fáfni. Þorsteinn sagði ljóst að bæjarsjóður Ísafjarðarbæjar hefði ekki til umráða nægilegt fjármagn til að breyta atvinnuástandi í Dýrafirði til hins betra með því að opna frystihúsið án tafar. Sagði Þorsteinn að bæjarfélagið vildi gera allt sem í þess valdi stæði til að laga ástandið og að ásakanir um hið gagnstæða væru rangar. Engin loforð yrðu hins vegar gefin um úrbætur miðað við núverandi ástand.

Sighvatur Björgvinsson, sagði að allir vissu hvað gerðist ef úrslit tilraun Bygðastofnunar tækist ekki. Hann sagði að byggðarlagið myndi ekki hrynja, ljóst væri að margir mánuðir myndu líða áður en einhver hreyfing yrði á. Kvaðst þingmaðurinn vona að allir legðu sitt af mörkum til að hægt yrði af afstýra hættunni.

VESTFIRÐIR

Nýtt áskriftarár er hafið

Heppnin bíður þín hér

Allir miðar vinna á árinu og sumir oft þú veist aldrei hvort þú þarft á þing að halda í lífinu

Drögum 14. janúar

7

milljónir óskiptar á einn miða

Einstakir aukavinningar: Íslensk hönnun og handverk

Meðstu vinningslíkur í íslensku stórhappdrætti

Patreksfjörður:
Bríet Arnardóttir,
Sigtún 10, sími 456-1602

Tálknafjörður:
Gestrún Sveinsdóttir,
Versl. Pokahornið, s. 456-2505

Bíldudalur:
Sigríður Jóhannsdóttir,
Tjarnarbraut 17, sími 456-2227

Þingeyri:
Guðrún Bjarnadóttir,
Vallargötu 12, sími 456-8393

Flateyri:
Ágústa Guðmundsdóttir,
Bókaverslun Jóns Eyjólfssonar,
Hafnarstræti 3, sími 456-7697

Suðureyri:
Söluskáli Esso,
Rómarstíg 10, sími 456-6262

Bolungarvík:
Ragna Magnúsdóttir,
Hólastíg 1, sími 456-7510

Ísafjörður:
Myndás, Aðalstræti 33,
sími 456-4561

Súðavík:
Salbjörg Olga Þorbergsdóttir,
Aðalgötu 56, sími 456-4942

Snæfjallaströnd:
Jónas Helgason,
Æðey, sími 456-4816

HAPPDRÆTTI



  Miðaverð: 700 kr.

... fyrir lífið sjálft



Gestir á Hauganesi taka lagið við undirleik Péturs Bjarnasonar, sem þandi nikkuna af sinni alkunnu snilld.

Gamla árið kvatt

Fjölmenni var við áramótabrennu sem íbúar í Holtahverfi á Ísafirði stóðu fyrir á Hauganesi á gamlárskvöld. Á þriðja hundrað manns voru við brennuna og var mikið líf í viðstöddum enda ærin ástæða til að skemmta sér og öðrum. Veður var með besta móti á gamlárskvöld og höfðu margir brennugesta á Hauganesi orð á því að

aldrei hefðu þeir áður verið viðstaddir áramótabrennu með regnhlíf í hönd, enda sjaldgæft að hafa auða jörð, rigningu og 5 stiga hita á þessum árstíma. Áramótabrennur voru einnig haldnar í Hnífsdal, Bolungarvík sem og á öðrum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum og fóru þær óhappalaust fram samkvæmt upplýsingum

blaðsins. Lítið var um óhöpp um áramótin og virðist því sem Vestfirðingar hafi farið að öllu með mikilli gát, bæði hvað varðar meðferð flugelda, blysa og við neyslu áfengra drykkja. Ljósmyndari blaðsins var viðstaddur áramótabrennuna á Hauganesi og tók þá meðfylgjandi myndir.



Hilmar Pálsson og Sigurður Finnbogason hafa hér nýlokið við að „skerpa“ á eldinum.



„Brennukóngarnir“ að störfum við áramótabrennuna á Hauganesi. Frá vinstri: Pétur Jónsson, Sigurður Finnbogason, Eggert Jónsson, Sævar Gestsson, Hilmar Pálsson, Halldór Jónsson, Sigurður Sveinsson og Jón Veturlíðason. Fyrir aftan Jón stendur Pálmi Stefánsson, sem einnig vann eins og berserkur við að halda brennuni sem tignarlegastri.



Pantanasíminn er 456 3367



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547



Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús:

Bakkavegur 25: 154m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 8.700.000,-
Engjavegur 12: 210m² einbýlishús á tveimur hæðum, ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.000.000,-
Fagraholt 2: 160m² einbýlishús á einni hæð ásamt tvöföldum bílskúr. Tilboð óskast.
Fagraholt 12: 156,7m² einbýlis-

hús á einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni möguleg. Tilboð óskast.
Hafraholt 14: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
Hafraholt 28: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
Hjallavegur 19: 242m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Verð: 12.700.000,-



Hlíðarvegur 27: 76m² íbúð á efri hæð tvíbýlishúsi ásamt 35m² bílskúr. Verð: 5.500.000,-



Hlíðarvegur 26a: 120m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-

Hlíðarvegur 38: 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-
Hrannargata 4: 257,6m² einbýlishús á 3 hæðum ásamt kjallara og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Tilboð óskast.
Miðtún 31: 190 m² endaraðhús, norðurendi á tveimur hæðum. Tilboð óskast.
Skipagata 11: 78 m² einbýlishús á tveimur hæðum Verð: 5.000.000,-
Stakkanes 4: 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti möguleg á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-
Stakkanes 6: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Verð: 11.600.000,-
Sunnuholt 6: 231,7m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 13.500.000,-
Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-

4-6 herbergja íbúðir

Aðalstræti 19: 110m² 5 herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.800.000,-
Engjavegur 17: 92,6m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi.

bergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 7.100.000,-
Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.900.000,-
Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikið uppgerð. Verð: 5.900.000,-
Fjarðarstræti 13: 80m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 6.200.000,-
Fjarðarstræti 38: 130m² 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þríbýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 6.500.000,-
Pólgata 4: 76 m² 5 herbergja íbúð á 3 hæð í þríbýlishúsi. Verð: 3.500.000,-
Pólgata 4: 136 m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þríbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-
Seljalandsvegur 20: 161,2m² 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Mjög fallegt útsýni. Verð: 10.700.000,-
Stórholt 7: 116m² 4ra herbergja íbúð á 1. hæð til vinstri í fjölbýlishúsi. Verð: 7.400.000,-
Stórholt 11: 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt

bílageymslu. Íbúðin er laus um áramót. Verð: 7.800.000,-
Stórholt 13: 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi, ásamt bílskúr. Skipti á stærrari eign möguleg. Verð: 7.800.000,-
Tangagata 20: 70m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Engar áhvilandi skuldir. Verð: 3.800.000,-
Túngata 12: 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þríbýlishúsi. Mikið uppgerð. Verð: 6.700.000,-
Urðarvegur 25 - Hraunprýði: 155m² 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Tilboð óskast.
Urðarvegur 45: 131,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 7.500.000,-

á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-
Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-
Stórholt 11: 80m² íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-
Stórholt 11: 80 m² íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-
Stórholt 11: 72,6m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-

2ja herbergja íbúðir

Hlíf II: 50,4 m² íbúð á 4 hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6.100.000,-
Urðarvegur 78: 73m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.400.000,-

Atvinnuhúsnæði:

Aðalstræti 20: 98m² íbúð á 2. hæð t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sérgeymslu. Verð: 7.200.000,-
Seljalandsvegur 67: 107m² íbúð



Stórholt 9: 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-

Vill styrk frá ríkinu til atvinnuþróunar á svæðinu

Finnur Ingólfsson, iðnaðarráðherra, lagði til á ríkisstjórnarfundum sem haldinn var rétt fyrir jóli, að heimilt verði samkvæmt fjárlögum næsta árs að ráðstafa allt að 80 milljónum króna til verkefna á sviði atvinnuþróunar á þeim landsvæðum sem ekki njóta góðs af atvinnustarfsemi vegna virkjunarframkvæmda eða stóriðjubyggingar.

Vegna þessa hefur Fjórðungssamband Vestfirðinga sent

iðnaðarráðherra bréf þar sem athygli ráðherrans er vakin á starfsemi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og framtíðarformum þess. Í bréfi Fjórðungssambandsins til iðnaðarráðherra segir m.a.: „Fjórðungssambandið vill vekja athygli háttvirts iðnaðarráðherra á því að Atvinnuþróunarfélagið sem sambandið er aðili að, hyggst hefja víðtækt stefnumótunarverkefni með það í huga að skilgreina styrkleika

og veikleika svæðisins með framtíðaruppbyggingu í huga.

Áhugi er mjög mikill á Vestfirðum fyrir hvers konar atvinnuþróun. Því er það ósk undirritaðs fyrir hönd Fjórðungssambandsins og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf., að iðnaðarráðuneytið nýti sér þá starfsemi sem hér er í gangi sem tengilið við sitt verkefni. Undir bréfið ritar síðan Halldór Halldórsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins

og stjórnarmaður í Atvinnuþróunarfélagið Vestfjarða hf.

Í samtali við Morgunblaðið fyrir jóli sagði iðnaðarráðherra að arður af Landsvirkjun myndi skila ríkissjóði meiri tekjum á næsta ári en áætlað var, og af þeirri ástæðu væri meira svigrúm en ella til að grípa til aðgerða til atvinnuþróunar á þeim landsvæðum sem ekki njóta góðs af atvinnustarfsemi vegna virkjunarframkvæmda eða stóriðjubyggingar.

Heilbrigðiseftirlit með fiski

Ein landamærastöð á Vestfirðum



Samkvæmt samkomulagi Íslands og Evrópusambandsins um þátttöku Íslands í heilbrigðiseftirliti með sjávarafurðum á landamærum verða settar upp sjö landamærastöðvar fyrir fisk hér á landi á næstu mánuðum.

Einnig verða settar upp tólf aukastöðvar til bráðabirgða. Í þessum stöðvum verður fiskur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins heilbrigðis skoðaður. Fiskistofa hefur stefnt að því að eftirlitsmenn hafi aðsetur í hverjum landshluta og munu eftirlitsmennirnir sjá um rekstur landamærastöðvanna til

að halda megi kostnaði í lágmarki. Í hverri stöð verður aðstaða til sýnatöku og rannsókna, sem fullnægir kröfum Evrópusambandsins.

Ákveðið hefur verið að landamærastöð verði á Ísafirði en auk þess verða tvær aukastöðvar á Vestfirðum, á Þingeyri og á Patreksfirði. Aukastöðvarnar má starfrækja fram til 1. janúar 1999, en þá verða Íslendingar að taka afstöðu til þess hvort þær verða lagðar niður eða einhverjum þeirra breytt í aðalstöðvar með tilheyrandi búnaði.

Róleg áramót í Ísafjarðarbæ

Flugeldur inn um svalardyr

Tiltölulega rólegt var um áramótin á Ísafirði að sögn Önnundar Jónssonar yfirlög-reglupjóns. Ein líkamsárás var kærð að kvöldi nýársdags en hún hafði átt sér stað þá um morguninn. Ungur piltur hafði verið barinn og hlotið af töluverða áverka og sagði Önnundur að hér hafi verið um fólkskulega líkamsárás að ræða. Á nýársdagsmorgun gerðu

þrír ungir frændur atlögu að lögreglustöðinni með banki og djöfulgangi eins og Önnundur orðaði það. Þarna var um að ræða góðkunningja lögreglunnar sem eitthvað töldu sig eiga vantalað við hana. Þar sem vinnufriði lögreglu var ógnað vegna óláta manna var ekki um annað að ræða en að handtaka þá. Einn komst þó undan á hlaupum en hinir tveir fengu

að kæla sig niður um tíma í félagsskap lögreglumanna. Þeim var síðan sleppt og telst málinu lokið af hálfu lögreglunnar.

Önnur líkamsárás var einnig kærð en kona nokkur hafði bitið stúlku í hendi. Þá hafði einhver óprúttinn skrúfað númeraplötur af nokkrum bifreiðum og hent þeim á afvikinn stað. Eitt útkall var hjá slökkviliði

vegna flugelds sem farið hafði inn um svaladyr á íbúð á Hlíðarvegi en skemmdir voru óverulegar. Þó þurfti að reykra húsíð.

Á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði fengust þær upplýsingar að engin meiriháttar slys hefðu orðið á fólki af völdum flugelda og blysa. Aðeins eitt tillfelli kom til kasta læknis og var það vegna brunasárs.



Tónlistarskóli Ísafjarðar

Austurvegi 11 • 400 Ísafjörður • Sími 456 3926

Ritari

Starf ritara (50%) á skrifstofu Tónlistarskóla Ísafjarðar er laust til umsóknar nú þegar.

Reynsla af skrifstofustörfum og mannlegum samskiptum nauðsynleg.

Skrifleg umsókn með upplýsingum um menntun og starfsferil umsækjanda berist skólastjóra sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri í sínum 456 3010 og 456 3926.



Héraðsdómur Vestfjarða

Skrifstofustjóri

Hér með er auglýst laus til umsóknar staða skrifstofustjóra hjá embætti Héraðsdóms Vestfjarða. Áskilið er að umsækjendur búi yfir tölvukunnáttu og bókhaldspekkingu og hafi reynslu í ritvinnslu. Laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Staðan veitist frá 1. febrúar 1997.

Umsóknarfrestur er til 20. janúar 1997. Nánari upplýsingar um starfið veitir undirritaður á skrifstofu dómsins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, eða í sínum 456 5113 eða 893 1693.

Jónas Jóhannsson,
héraðsdómari.

HÓTEL
Ísafjörður



Næturvarsla

Óskum eftir að ráða starfsfólk, karla eða konur til næturvörslu. Um er að ræða 2 stöður, annars vegar 5 nætur í viku og hins vegar 2 nætur um helgar. Framtíðarstarf.

Upplýsingar veitir hóteltjóri.



Orkubú Vestfjarða
Stakknesi 1 • 400 Ísafjörður

Til sölu

Til sölu er Subaru E10 SD 4WD. Ekinn 86.000 km. Árgerð 1990.

Upplýsingar gefur Jón E. Guðfinnsson í síma 456 7277.

Ísafjörður

Básafell og Norður-tangi sameinast

Um áramótin var gengið frá kaupum nýja sameinaða sjávarútvegsfyrirtækisins Básafells hf., á Ísafirði á hlutabréfum í Hraðfrystihúsinu Norðurtanga hf. Samkvæmt upplýsingum blaðsins eru fyrirtækin rekin sem eitt frá og með síðustu áramótum, en formleg sameining fyrirtækjanna mun þurfa lengri aðdraganda.

Um áramót rann út frestur til að sækja um styrk til úreldingar fiskvinnsluhúsa. Básafell hf., mun hafa sótt um styrk til Úreldingarsjóðs til handa öllum fiskvinnsluhúsum fyrirtækisins, en óvíst er enn hvaða húsum verður lokað sem og hver verða notuð undir starfsemi fyrirtækisins. Að sögn Halldórs Jónssonar hjá Básafelli hf., er ákvörðunar í þessum efnunum að vænta innan skamms tíma.

Ísafjörður

Námskeið í matreiðslu í næstu viku

Sigrún Ólafsdóttir, sem um árabíl hefur matreitt fjölbreytt grænmetisfæði fyrir skóla og veitingastaði og haldið fjölda námskeiða, mun halda námskeið í húsnæði gamla Húsmæðraskólans við Austurveg á Ísafirði, dagana 14. og 15. janúar nk.

Námskeiðin verða tvö sitt hvorn daginn og hefjast þau kl. 18 að kvöldi og munu standa yfir í u.þ.b. fjórar klukkustundir. Leiðbeinandi mun matreiða gómsæta korn-, bauna- og grænmetisrétti og leiðbeina um matreiðsluna, samsetningu fæðunnar og hollustu. Um tuttugu réttir verða matreiddir á hvoru námskeiðinu og gefst þátttakendum kostur á að smakka það sem matreitt verður.

Námskeiðagjald er kr. 3.900 og eru uppskriftir innifaldar í því. Nánari upplýsingar gefur Sigrún Ólafsdóttir í síma 564 3379. Innritun á námskeiðin eru í síma 456 5329 á kvöldin.

Ísafjarðarbær

Ferðapjónusta í bænum okkar

Námskeið fyrir fólk er starfar beint eða óbeint að ferðapjónustu verður haldið í Ísafjarðarbæ undir lok janúar. Markmiðið með námskeiðinu er að fræða þátttakendur um þessa fjölbreyttu atvinnugrein, grunnþætti og möguleika.

Bjarnheiður Hallsdóttir, ferðamálafræðingur og Magnús Ásgeirsson, markaðsstjóri Ferðamálaráðs Íslands verða með erindi á námskeiðunum

og Jón Þorvaldsson, kynningarráðgjafi, mun ræða um bættu þjónustu. Sérstaða svæðisins og hagsmunir ferðapjónustuaðila í Ísafjarðarbæ, svo og ávinningur sveitarfélagsins af aukinni ferðapjónustu verða til umræðu. Þá munu þær Dorothee Lubecki, ferðamálafulltrúi Vestfjarða, og aðstoðarmaður bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, Þórunn Gestsdóttir, greina frá hugmyndum og framkvæmd-

um tengdum atvinnugreininni. Tímalengd námskeiðsins verða tuttugu klukkustundir, fimm klukkustundir dag hvern í fjóra daga. Námskeiðið verður haldið dagana 21., 21., 28. og 29. janúar og stendur yfir frá kl. 13-18 hvern dag. Námskeiðið verður haldið á Hótel Ísafirði og er námskeiðsgjald kr. 2.500. Allir sem starfa í ferðapjónustu og telja sig hafa gagn af meiri fræðslu um

atvinnugreinina eru hvattir til að skrá sig á námskeiðið og eins er hvatningunni beint til þeirra sem starfa í jaðargreinum við ferðapjónustu s.s. í verslunum og þjónustufyrirtækjum.

Frekari upplýsingar veitir Þórunn Gestsdóttir í síma 456 3722, en hún skráir einnig þátttakendur á námskeiðið.

WERNINGIN
Flateyri, tilkynnir:
Í fyrsta skipti á Vagninum
Helgina 17. - 18. Janúar verða
tvær föngulegar
Fatafællur
frá Vegas með sjóðheita sýningu
frá kl. 21:00 - 03:00
Boðið upp á einkadans
Happy hour frá kl. 21:00 - 23:00
Einn stór og annar lítill í kaupþætti
Óvæntur glaðningur eftir kl. 23:00
Miðaverð aðeins kr. 1.000,-
Konur fá fritt inn
Nýtt kortatímabil
Minnum á TAXA, sími 853 8862
Vagninn býður upp á alhliða veisluþjónustu
Tökum að okkur árs hátíðir, þorablót,
fermingar og giftingarsamkvæmi

Sigurður Kristjánsson, framkvæmdastjóri á Þingeyri skrifar um sjávarútvegsmál á Vestfjörðum

Lífsbjörg Vestfirðinga

Varla verður því neitað að aðalatvinnuvegur Vestfirðinga er sjávarútvegur, bæði veiðar og vinnsla. Í þessu skyni hefur verið fjárfest í vönduðum fiskiskipum og frystihúsum. Fyrir daga kvótakerfisins voru Vestfirðingar í fararbroddi í landinu í þessum atvinnuvegi með öflugum uppbyggingu sem raunar kallaði víða á fleiri vinnandi hendur en voru til staðar á viðkomandi stöðum. Síðan hefur verið mikill og stöðugur fólksflótti úr þessum landshluta og fulltrúar fólksins á Vestfjörðum, m.a. á Alþingi, virðast ekki ná eyrum þess meirihluta sem ræður. Hagsmunir heildarinnar ráða því að ekki er leyfilegt að veiða í fjörðunum fyrir vestan þann gula af heimamönnum, þótt firðirnir séu með köflum nánast fullir af fiski.

Fólki er ofarlega í huga þær hörmungar sem dunið hafa yfir þéttbýli á Vestfjörðum af völdum náttúruhamfara. Þjóðin öll hefur sameinast í því að styðja fólk á þessum svæðum og bæta það sem í mannlegu valdi stendur. Stjórnmalamenn

hafa lýst einlægum vilja sínum til slíkra aðgerða. En hvað skeður síðan? Hér á Vestfjörðum er víða byggð ógnað af afleiðingum fiskveiðistefnunnar í landinu og ungt fólk með krafta í kögglum, eld í æðum, er dregið niður í svað vonleysis. Fólk hefur í vaxandi mæli flúið yfirvofandi atvinnuleysi, sérstaklega vegna erfiðleika landvinnslunnar sem hefur komið fram í lokun frystihúsa eða mjög takmarkaðri vinnslu. Þetta getur ekki með nokkru móti gengið svo til öllu lengur og þess verður að vænta að landsfeður bregði blundi sínum og láti enn sannast með umhyggju sína fyrir manneskjunnar sem á í erfiðleikum.

Við þurfum eigi síðar en strax að leggja af stað í nýja iðnaðarbyltingu á sviði matvælaframleiðslu. Fiskrættaverksmiðjur þurfa að koma í stað gömlu stóru frystihúsanna, sérvinnslufrystihús í stað þeirra minni og saltfiskvinnslur getu bætt sína afkomu með frekari úrvinnslu. Gefa verður landvinnslunni hlutdeild í kvóta-

kerfinu, þannig að henni sé tryggt rekstursumhverfi til þess að eflast og það þarf mikla fjármuni til þeirrar nýsköpunar sem nauðsynleg er og má ekki seinna vera að leggja ákveðin drög að. Byggðakvótar, tengdir fiskvinnslufyrirtækjum, geta enn bætt úr alvarlegum slysum kvótakerfisins og á ég þá við það að byggðir sem hafa misst sinn kvóta, fái enn á ný tækifæri til þess að bjarga sér með hlutdeild í þeirri aflaukningu sem er að verða í þorskveiðunum.

Margir töldu að með tilkomu núverandi stjórnarsamstarfs, þá yrði aukin áhersla lögð á byggðastefnu, á eflingu atvinnulífs í landinu öllu. Fólk leitar með logandi ljósi að skýrum vísbendingum í þessu efni. Niðurstaðan er vonbrigði og það er víst að fólk líður fyrir sinnuleysi stjórnvalda og þráa gegn því að leita raunhæfra úrræða áður en vandinn verður enn meiri. Aðstæður sem helst flokkast undir heppi-legalar tilviljanir virðast ætla að ráða því að atvinnutækifæri í þéttbýlinu í tengslum við

stóriðju verða hugsanlega um sinn í einhverjum takti við fólksfjölgun og jafnvel við flóttann af landsbyggðinni. En í þróun atvinnulífsins er ekkert jafnvægi í landinu og það er mjög alvarlegt. Vestfirðir og Norðurland eru hér sérstaklega í erfiðri stöðu þar sem atvinnu- málín krefjast víða tafarlausrar skoðunar og einhvern tíma áður hefði verið talin ástæða fyrir stjórnskipaðri nefnd til þess að kanna slíkt ástand og gera tillögur til úrbóta. Aðgerðar- leysi stjórnvalda er óskiljanlegt og fyrir neðan allar hellur.

Sveitarfélögin eru einnig með mikla ábyrgð á þessu ástandi og stórlega gagnrýnis-vert ef ráðamenn þar telja það ekki vera sitt hlutverk að leita allra leiða til þess að sýna framkvæði til úrbóta. Pólitískt boðorð þess efnis að sveitar- félög skipti sér ekki af atvinnu- rekstri eru ekki til þess fallin að hjálpa til. Þær aðstæður geta komið upp að það er fyllilega réttlætlanlegt fyrir sveitarfélög að taka þátt í atvinnusköpun og rekstri en síðan eftir atvikum að draga sig út úr slíku þegar

betur gengur. Samruni sveitar- félaga, átti vissulega að skapa hagræðingu og sparnað en slíkt má ekki með neinu móta valdamismunun og auka erfið- leika jaðarbyggða. Í litlu þorpi á Vestfjörðum þarf undirstöðu- rekstur eins og starfræksla frystihúss að vera fyrir hendi. Frávik frá slíku kallar á meiri vinnu til breytinga á þeirri stöðu en fólk á Þingeyri hefur tekið eftir á síðustu mánuðum af hálfu Ísafjarðarbæjar. Bæjar- stjóri Ísafjarðarbæjar hefur lýst þeirri skoðun sinni í blaða- viðtali fyrir skömmu síðan að ekki skipti máli fyrir Þingeyri hvar frystitogarinn Sléttanes ÍS-808, leggi upp sinn afla. Sú yfirlýsing sýnir ekki mikla þekkingu á okkar stöðu og bendir til þess að ráðamenn sveitarfélagsins ættu að kynna sér betur málefni Þingeyrar og slíkt er fyllilega tímabært.

Við heyrnum gjarnan um þessar mundir að sjávarútvegur á Íslandi gangi að meðaltali all vel eða lítilliga undir núllinu. Fyrirtæki í síld og loðnu sýna mörg hver verulegan hagnað sem ekkert er nema gott um að

segja. En þessar veiðar og þessi vinnsla leysir ekki vanda hefðbundinnar bolfiskvinnslu. Brask með aflakvóta býr víða til umtalsverðan gróða sjávar- útvegsfyrirtækja og þá á kostnað annarra fyrirtækja sem ekki hafa sömu ágætu aðstöðuna. Hér eru aðallega nokkur stór- fyrirtæki sem hafa eignast meginhluta kvótans og vita ekkert hvað þau eiga að gera við sína peninga nema þá helst að leggja þá í áhætturekstur á erlendri grundu. Sú staðreynd að menn og fyrirtæki hafa safnað auði á pólitískri lögun kvótakerfisins og tilfærsla auðs og áhrifa er meiri en nokkur dæmi eru áður um í Íslands- sögunni, hlýtur að vera áfellig- dómur um þetta kerfi, um höfunda þess og aðdáendur. Það minnsta sem menn ættu að gera í dag og flýta sér að framkvæma, er það að laga mestu ágalla kerfisins eins og að koma til hjálpar kvótalaus- um byggðum.

Sigurður Kristjánsson,
Þingeyri.

Íbúum Vestfjarða fækkaði um nær 2% á milli ára

Íbúum á Vestfjörðum fækkaði um 159 á milli árunna 1995 og 1996, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands um mannfjölda á Íslandi, miðað við 1. desember 1996. Sjötú og fimm einstaklingar fluttu úr strjálbýli og 84 frá stöðum sem höfðu 200 íbúa eða fleiri. Heildarfjöldi íbúa á Vestfjörðum var 8.856 þann 1. desember síðastliðinn á móti 9.015 á sama tíma árið á undan.

Frá Patreksfirði fluttu 19 einstaklingar á milli árunna 1995 og 1996, sem svarar til 2,2% fækkunar. Heildarfjöldi íbúa á Patreksfirði var 829 þann 1. desember sl., á móti 848 í desember 1995. Aukning var á íbúafjölda Tálknafjarðar en þangað fluttu 12 fleiri en fluttu frá staðnum. Íbúafjöldi á Tálknafirði var 308 í desember síðastliðnum á móti 296 árið á undan. Bílddælingum fækkaði um 13 á árinu 1996, úr 290 árið 1995 í 277 árið 1996, Þingeyringum fækkaði um 20, úr 394 í 374 og íbúum Flateyrar fækkaði um 26, úr 351 í 325. Íbúum Suðureyrar fækkaði einnig á árinu 1996 eða um 9,2%. Íbúar á Suðureyri voru 303, 1. desember 1995 á móti 275 í desember 1996.



Mesta fólksfækkun var í Hnífsdal á milli árunna 1995 og 1996 en þaðan fluttu 69 einstaklingar umfram þá sem settust að í dalnum.

Fjölgun var í Bolungarvík á milli árunna 1995 og 1996, en þangað fluttist 21 fleiri en fór frá staðnum. Íbúar í Bolungarvík voru 1.098 þann 1. desember sl., á móti 1.077 árið á undan. Íbúum Ísafjarðar fækkaði um 20 á milli árunna 1995 og 1996, úr 3.375 árið 1995 í 3.355 árið 1996. Í þessum

tölum er Hnífsdalur meðtalin en þaðan fluttust flestir Vestfirðingar á síðasta ári, eða 69. Íbúum á Ísafirði, ef Hnífsdalur er frátalinn, fjölgaði um 49 á árinu. Íbúum fjölgaði einnig í Súðavík á milli árunna 1995 og 1996. Þann 1. desember síðastliðinn voru íbúar staðarins 235 á móti 210 árið á undan.

Íbúum Hólmavíkur fækkaði aftur á móti um 16 á milli ára, úr 478 í 462.

Íbúum í strjálbýli á Vestfjörðum fækkaði um 75 á milli árunna 1995 og 1996 og munar þar mest um fækkun á tveimur stöðum, þ.e. Vestur-Barðastrandarsýslu, þar sem íbúum fækkaði um 22 og Ísafjarðar-

djúp þar sem íbúum fækkaði um 25. 91 íbúi var með lögheimili í Ísafjarðardjúpi 1. desember síðastliðinn. Fæstir íbúar voru á Borðeyri eða 17 og að Krossholti í Barðastrandarsýslu en þar bjuggu 19 manns í desember síðastliðnum.

340 fleiri karlar en konur bjuggu á Vestfjörðum 1. desember síðastliðinn. Heildarfjöldi íbúa á Vestfjörðum var eins og að framan greinir 8.856. Þar af voru karlar 4.598 og konur 4.258. Í Reykhólahreppi

voru karlar 16 fleiri en konur, karlar voru 51 fleiri í Vesturbyggð og 46 fleiri í Tálknafjarðarhreppi. Karlar voru 26 fleiri en konur í Bolungarvík, 98 fleiri í Ísafjarðarbæ, 26 fleiri í Súðavíkurhreppi, 12 fleiri í Árneshreppi, 37 fleiri í Hólmavíkurhreppi, 15 fleiri í Kirkjubólshreppi og 12 fleiri í Broddaneshreppi og Bæjarhreppi. Í aðeins einum hreppi voru konur fleiri en karlar, í Kaldrananeshreppi, en þar voru konurnar 73 á móti 62 körlum.



Íbúum Bolungarvíkur fjölgaði aftur á móti um 21 á milli árunna 1995 og 1996 samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands.

Íbúar á Vestfjörðum 1. desember 1996

	1995	1996	Fjölgun%
Vestfirðir	9.015	8.856	-1,8%
Staðir með 200 íbúa eða fl.	7.622	7.538	-1,1%
Patreksfjörður, Vesturbyggð	848	829	-2,2%
Tálknafjörður, Tálknafj.hr.	296	308	+4,1%
Bíldudalur, Vesturbyggð	290	277	-4,5%
Þingeyri, Ísafjarðarbæ	394	374	-5,1%
Flateyri, Ísafjarðarbæ	351	325	-7,4%
Suðureyri, Ísafjarðarbæ	303	275	-9,2%
Bolungarvík	1.077	1.098	+1,9%
Ísafjarðarþéttbýli	3.375	3.355	-0,6%
Hnífsdalur, Ísafjarðarbæ	384	315	-18,0%
Ísafjörður, Ísafjarðarbæ	2.991	3.040	+1,6%
Súðavík, Súðavíkurhreppur	210	235	+11,9%
Hólmavík, Hólmavíkurhreppur	478	462	-3,3%
Strjálbýli	1.393	1.318	-5,4%
Reykhólar, Reykhólahreppur	143	137	-4,2%
A-Barðastrandarsýsla	207	197	-4,8%
Krossholt, Vesturbyggð	19	19	0,0%
V-Barðastrandarsýsla	214	192	-10,3%
V-Ísafjarðarsýsla	181	182	+0,6%
Ísafjarðardjúp	116	91	-21,6%
Drangsnæs, Kaldrananeshr.	104	97	-6,7%
Borðeyri, Bæjarhreppur	17	17	0,0%
Strandarsýsla	392	386	-1,5%

Janúar:

Þrír á meðal fimm efstu

Þrír Vestfirðingar voru á meðal fimm efstu í vali hlustenda Rásar 2 á milli ársins 1995, sem kunnert var á gamlársdag. Maður ársins að mati hlustenda Rásar 2 var Magnea Guðmundsdóttir á Flateyri, en mikið mæddi á henni er snjóflóðið féll á Flateyri. Hermann Þorsteinson, björgunarhundapjálfi á Ísafirði varð í fjórða sæti og Sigríður Hrönn Elíasdóttir, þáverandi sveitarstjóri í Súðavík í því fimmta.

Hringt oft og lengi

Jónas Ólafsson, fyrrverandi sveitarstjóri á Þingeyri lagði fram kvörtun til Pósts og síma vegna óeðlilega hárs reiknings á einkasíma sínum, sem nam um 20 þúsundum króna á sama tíma og sveitarstjórinn var fjarverandi vegna sumarleyfis. Athugun Pósts og síma leiddi í ljós að „brotist hefði verið inn“ á símalínu sveitarstjórans í gegnum tengibox og síðan hringt á hans kostnað m.a. í símatorg.

Fyrsta barn ársins

Fyrsta barn ársins, sem fæddist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, kom í heiminn aðfararnótt þriðjudagsins 9. janúar kl. 02:06. Barnið, sem var myndardrengur, reyndist vera 3.740 g. að þyngd og 54 sm að lengd. Foreldrar nýársbarnsins á Ísafirði eru þau Ásta Tryggvadóttir og Bjarni Freyr Guðmundsson á Ísafirði.

Húsið færðist til

Í byrjun janúar ók annar tveggja strætisvagna Ísafjarðar inn í tvílyft timburhús við Sundstræti 15 á Ísafirði. Íbúar hússins, hjón og dóttir þeirra voru heima er árekssturinn varð og sluppu þau án meiðsla. Auk bílstjóra strætisvagnsins voru tveir farþegar í honum og sluppu þeir einnig án meiðsla. Húsið skemmdist mikið en það færðist um a.m.k. 30 sentimetra af grunninum. „Þetta var eins og mikil sprengin og ég er enn í taugasjokki,“ sagði Magnús Arnórsson, eigandi hússins í samtali við blaðið.

Febrúar:

Sex skipverjar björguðust

Sex skipverjar björguðust er eldur kom upp í rækjuskipinu Kofra frá Súðavík er það var að veiðum djúpt út af Skaga í byrjun febrúar. Áhöfn skipsins tókst að komast frá borði og



Fréttannaáll Bæjarins besta

var bjargað um borð í togarann Bessa frá Súðavík. Stuttu eftir að áhöfnin var komin um borð í guðmíbjörgunarbát, varð mikil eldsprenging í Kofra og skemmdist það mikið af eldi. Tjónið var talið nema tugum milljóna króna.

Hálfrar aldar afmæli fagnað

Nær tvö hundruð gestir stungu sér til sunds í Sundhöll Ísafjarðar í byrjun febrúar en þá var þess minnst að 50 ár voru liðin frá því laugin var tekin í notkun. Á afmælis hátíðinni var gestum og gangandi boðið upp á veitingar og þáðu þær mun fleiri en í sund fóru. Fjölmargir velunnarar og fastagestir Sundhallarinnar voru viðstaddir hátíðina, þeirra á meðal Garðar Guðmundsson, kaupmaður í Björnsbúð, sem var elsti fastagestur laugarinnar.

Merkum áfanga náð

Laugardaginn 10. febrúar var merkum áfanga náð í Bolungarvík, þegar formleg opnun hraðfrystihúss Ósvarar hf., fór fram. Fjölmenni var viðstatt opnunina. Enduruppbygging fyrirtækisins kostaði um 350 milljónir króna og var hún fjármögnuð með auknu hlutfé og langtímalánum.

570 milljónir til uppkaupa

Stjórn Ofanflóðasjóðs ákvað í febrúar að styrkja Súðavík-ur.

hrepp til kaupa og flutnings á 53 húsum á snjóflóðahættusvæði í gömlu Súðavík og Ísafjarðarkaupstað til kaupa á 20 húsum á snjóflóðahættusvæði í Hnífsdal. Miðað við að styrkurinn hafði verið 90% af kostnaði sveitarfélaganna, var um samtals 570 milljónir króna að ræða.

Mars:

BB á Netinu

Föstudaginn 1. mars hófst regluleg útgáfa BB á Veraldarvefnum svonefnda, vefnum sem hundruð milljónir manna hafa aðgang að á degi hverjum. Með útgáfu BB á Netinu hófst nýr þáttur í útgáfumálum blaðsins, þáttur sem veitir Íslendingum um allan heim nýjustu fréttir frá Vestförðum í viku hverri. Í þá tíu mánuði sem blaðið hefur verið á Netinu, hefur heimasíða þess verið sú fjölsóttasta hjá Tölvubjónustunni Snerpu á Ísafirði.

Áætlanir ekki snjóflóðahættumat

Veðurstofa Íslands kynnti í mars reitarskipt kort og rýmingaráætlanir fyrir fimm sveitarfélög á Vestförðum. Hér var um að ræða bækling sem sendur var inn á hvert heimili. Í honum voru útskýringar á rýmingaráætlunum ásamt hinum ýmsu leiðbeiningum. Fulltrúar Veðurstofunnar ítrekuðu við útsendingu bæklingisins að um væri að ræða rýmingaráætlanir en ekki snjóflóðahættumat á viðkomandi stöðum.

Arnarbæli eða Víkingabær?

Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga á norðanverðum Vestförðum auglýsti eftir tillögum að nafni nýs sameinaðs sveitarfélags. Nefndinni bárust 95 tillögur um 35 nöfn og var kosið um 2-3 þeirra samfara kosningunum sem fram fóru 11. maí. Meðal þeirra nafna sem tillögur bárust um voru Arnarbyggð, Arnarbæli, Arnarsetur, Búrfellsbyggð, Dalabyggð, Eyrabyggð, Fjallabyggð, Fjarðabyggð, Ísafjarðarbyggð, Ísafjarðarbær, Hrafnseyrarbyggð, Íseyrarbyggð, Sæbyggð og Víkingabær, svo fáein nöfn séu tekið.

Afhenda skal skip og aflaheimildir

Undir lok mars kvað héraðsdómur Vestfjarða upp þann dóm að Frosta hf., í Súðavík væri skylt að afhenda Línuskipum ehf., rækjuskipið Kofra ÍS ásamt aflaheimildum, en kaupsamningur hafði verið gerður á milli fyrirtækjanna um kaup Línuskipa ehf., á skipinu áður en það varð eldi að bráð í febrúar.

Apríl:

Borgarísjaki við víkina

Mánudagsmorgun einn í byrjun apríl urðu íbúar í

Bolungarvík varir við að stór borgarísjaki var botnfastur um 600 metra frá landi út af miðri víkinni. Sést hafði til ísjakans norður við Grænuhlíð kvöldið áður og mun hann hafa rekið yfir Djúpið um nóttina. Borgarísjakinn, sem var á stærð við skuttogara vakti mikinn áhuga fólks og var stöðugur straumur bifreiða til Bolungarvíkur þann daginn.

Efiðast að bíða

Mannbjörg varð er rækjubáturinn Kolbrún ÍS-74, steytti á skeri við Hrótey á Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi í apríl. Tveir menn, bræðurnir Arnar og Hannes Kristjánssynir, voru á Kolbrúnu og var þeim bjargað um borð í björgunarbátinn Daníel Sigmundsson um tveimur klukkustundum síðar. Hannes sagði í samtali við blaðið að erfiðast hefði verið að bíða eftir því að einhver yrði þeirra var, en þeir voru búnir að bíða á aðra klukkustund er flutningabílstjóri varð var við þá.

Ísfirðingar gengu af fundi

Ísfirðingar náðu ekki kjörnum fulltrúa í aðalstjórn Orkubús Vestfjarða á aðalfundi fyrirtækisins sem haldinn var í apríl. Þegar ljóst var að Ísfirðingar næðu ekki kjörnum fulltrúa í stjórn fyrirtækisins, gengu fulltrúar bæjarins af fundi í mótmælaskyni.

Apríl Eik eða

Ásta Júlía?

Undir lok apríl sögðum við frá því að ung stúlka hefði verið skírð við hátíðlega athöfn á sumardaginn fyrsta. Athöfnin var frábrugðin hefðbundnum skírnarathöfnum að því leyti að skírnarbarnið sagði sjálft til nafns, enda komin á fjórtánda árið. Hitt var öllu óvenjulegra að vegna afstöðu mannanafnanefndar er stúlkan Apríl Eik Stefánsdóttir, ekki til í opinberum bókum, heldur er hún skráð þar sem Ásta Júlía Beck.

Maí:

Funklistinn sigraði

Funklistamenn, listi framhaldsskólanema á Ísfirði, kom sá og sigrið í fyrstu sveitarstjórnarkosningunum í hinu nýja sameinaða sveitarfélagi á norðanverðum Vestförðum, sem fram fóru í maí. Funklistinn fékk 452 atkvæði og tvo menn kjörna í bæjarstjórn, Alþýðuflokkurinn fékk 335 atkvæði og einn mann kjörinn, Framsóknarflokkurinn fékk 319 atkvæði og einn mann, Sjálfstæðisflokkurinn fékk 923 atkvæði og fimm menn og F-listi Óháðra, Kvinnalista og Alþýðubandalags fékk 454 atkvæði og tvo menn kjörna.

Flestir vildu Ísafjarðarbæ

Samhliða sveitarstjórnarkosningunum fór fram skoðanakönnun um nafn á hið nýja sveitarfélag. Flestir völdu nafnið Ísafjarðarbæ, sem síðar varð fyrir valinu. Það nafn sem

næstflestar vildu var Eyrarbyggð, þá kom Ísafjarðarbyggð, þá Fjarðabyggð en fæstar vildu Arnarbyggð.

Málefнасamningur undirritaður í iðrum jarðar

Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur gerðu með sér málefнасamning um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar stuttu eftir að úrslit kosninganna lágu fyrir. Undirskrift samningsins fór fram á fremur óvenjulegum stað, eða í iðrum jarðar, á vegamótunum í hinum nýju Vestfjarðagöngum.

Fimmtán brautskráðust

Fimmtán nýstúdentar voru

brautskráðir frá Framhaldsskóla Vestfjarða í maí, sex stúlkur og níu piltar. „Dux schoale“ var Baldur Smári Einarsson frá Bolungarvík, með einkunina 9,06. Hann stundaði nám á hagfræðibraut. Næst hæstu einkunn fékk Hulda Pétursdóttir, 8,38, en hún stundaði einnig nám á hagfræðibraut.

Júní:

Nær hundrað misstu atvinnuna

Í fyrsta tölublaði júnímánaðar sagði blaðið frá því að stjórnir Kaupfélags Dýrfirðinga og Fáfnis hf., á Þingeyri, hefðu ákveðið að segja upp öllu starfsfólki sínu. Um var að ræða 72 starfsmenn hjá Fáfni og 21 hjá kaupfélaginu, alls 93 starfsmenn auk sumarafleysingafólks. Uppsagnir þeirra sem höfðu stýst starfsaldur tóku gildi samdægurs, en samningar annarra starfsmanna

hljóðuðu upp á uppsagnarfrest frá einum mánuði upp í þrjá.

Flosi lagðist á hliðina

Flosi ÍS, bátur Bakka Bolungarvíkur hf., lagðist á hliðina þegar skipið var að síldveiðum um 150 sjómílur frá Færeyjum í byrjun júní. Tíu manns voru í áhöfn Flosa og var þeim öllum bjargað um borð í Börk frá Neskaupstað.

Eldur í handfærabáti

Eldur kom upp í handfærabátinum Má frá Flateyri í júní. Talið var að snarræði og rétt viðbrögð skipstjórans, Birkis Einarssonar, megi þakka að báturinn skemmdist ekki meir en raun bar vitni. Birkir var í sinni fyrstu veiðiferð með bátinn, en hann hafði fáeinum dögum áður útskrifast með skipstjórnarréttindi frá Fram-

haldsskóla Vestfjarða.

Strandaði með 240 manns

Djúpbáturinn Fagranes strandaði í innsiglingunni til Æðeyjar í Jónsmessuferð skipsins. Hátt í 240 manns voru um borð í skipinu þegar óhappið varð, og eftir því sem best er vitað hafa ekki fleiri einstaklingar verið um borð í skipi sem strandar við Íslandstrendur. Fagranesið sat fast í sautján klukkustundir á skeri og voru allir farþegar fluttir í land með minni bátum.

Júlí:

Ökuferðin endaði í sjónum

Flutningabifreið frá Ísafjarðarleið fór út af veginum í



Hestfirði í Ísafjarðardjúpi í byrjun júlí og hafnaði í sjónum. Orsök óhappsins var sú að hægra framdekk bifreiðarinnar sprakk. Ökumaður og farþegi sluppu ótrúlega vel, með mar á fótum en bifreiðin var talin ónýtt.

Tölvustýrð járnskurðarvél

Skipasmíðastöðin hf., á Ísafirði tók í byrjun júlí í notkun nýja tölvustýrða járnskurðarvél sem mun vera sú eina sinnar tegunar sem er í notkun hérlandis. Hin nýja vél átti að lækka tilkostnað við allar smíðar, því bæði var gert ráð fyrir að hún flýtti allri vinnslu auk þess sem vænta mátti betri nýtingar á öllu járn.

Fjórir björguðust og tveir fórust

Tveir menn fórust er kúffisk-

skipið Æsa ÍS-87 frá Flateyri sökk í Arnarfirði í júlí. Fjórir úr sex manna áhöfn skipsins komust um borð í gúmmíbjörgunarbat, eftir að einn þeirra, Jón Gunnar Kristinsson hafði drýgt mikla hetjudáð er hann kafaði undir Æsu þar sem hún maraði í kafi á hvolvi og leysti gúmmíbjörgunarbatinn frá með handafla. Skipverjarnir tveir sem fórust hétu Sverrir Halldór Sigurðsson og Hörður Sævar Bjarnason.

Draumurinn orðinn að veruleika

Tuttugu og níu af þeim 32 flóttamönnum sem áætlað hafði verið að kæmu til Ísafjarðar frá fyrrum Júgóslavíu, komu til Ísafjarðar undir lok júlí. Fulltrúar Ísafjarðarbæjar tóku á móti fólkinu á Ísafjarðarflugvelli, en þá hafði fólkið lagt að baki langa og erfiða ferð frá Belgrad.

Síðari hluti fréttanna BB fyrir árið 1996 birtist í næsta tölublaði.



Guð er víðar en í Görðum

Atvinnumál á Þingeyri eru mál málanna um þessar mundir. Stöðu þeirra hefur verið gerð rækileg skil svo og því að Bygðastofnun freistar þess að finna lausn á vandanum. Markmiðið er að tryggja atvinnustarfsemi í fiskvinnsluhúsum Fáfnis hf., með aðild Fáfnis hf., að nýju fyrirtæki eða sölu á eignum félagsins til öflugr útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækis. Þar er horft til hins nýja fyrirtækis, Básafells hf., á Ísafirði, og þess vænst að bæjaryfirvöld beiti eignarhlut sínum og áhrifum í því fyrirtæki til þess að svo megi verða, enda eðlilegt að fyrirtæki, sem til verður við

Eins og kunnugt er varð Ísafjarðarbær til við sameiningu sex sveitarfélaga og má minna á að beittustu rök þeirra sem töluðu fyrir sameiningu, voru að með því væri íbúum, einkum í þorpunum, tryggt meira öryggi í atvinnumálum.

sameiningu fyrirtækja á Ísafirði og Þingeyri, axli áfram ábyrgð

á atvinnulífi þessara byggðarlaga.

Bygðastofnun kemur að þessu máli að ósk heimamanna á Þingeyri og sú tilraun sem nú fer fram til þess að endurskipuleggja atvinnulíf á Þingeyri er grundvöllur á þeirri skoðun að helsta atvinnufyrirtæki Dýrfirðinga verði að vera á Þingeyri og fráleitt sé að vísa fólki til vinnu norður við Djúp. Slíkt úrræði getur dugað fyrir einn og einn og ræðst þá af starfinu, en ekki meir. Aðstæður eru einfaldlega ekki fyrir hendi.

Eins og kunnugt er varð Ísafjarðarbær til við sameiningu sex sveitarfélaga og má minna á að beittustu rök þeirra

Þingmaðurinn skrifar

sem töluðu fyrir sameiningu, voru að með því væri íbúum, einkum í þorpunum, tryggt meira öryggi í atvinnumálum. Þessum rökum var óspart beitt til þess að sannfæra fólk. Alveg sérstaklega höfðu þessi rök áhrif í Dýrafirði til þess að snúa fólki frá fyrri afstöðu, en Dýrfirðingar höfðu fellt sameiningu sveitarfélaga í fyrri atkvæðagreiðslu um það mál.

Í ljósi þessarar forsögu er mikilvægast að bæjaryfirvöld bregðist ekki skyldu sinni í

atvinnumálum gagnvart Dýrfirðingum og því fremur er það mikilvægt að bæjaryfirvöld hafa undanfarna mánuði beitt sér fyrir sameiningu atvinnufyrirtækja og m.a. ráðstafað eignarhlut Dýrfirðinga í Sléttanesinu í því skyni. Bæjaryfirvöld geta sýnt fram á með ótvíræðum hætti að atvinnulíf í þorpunum er þeim jafn viðkomandi og í gamla kaupstaðnum, eða með öðrum orðum, að Guð sé víðar en í Görðum, svo ég bregðist fyrir



Kristinn H. Gunnarsson.

mér gömlu máltæki.

Ég dreg þetta fram vegna þess að tilraun Bygðastofnunar nú er gerð í þeirri trú að bæjaryfirvöld séu sama sinnis og Bygðastofnun og Þingeyringar, að atvinnulíf á Þingeyri verði að tryggja. Framvinda málsins stendur og fellur með afstöðu bæjaryfirvalda, þau ráða úrslitum í þessari tilraun.

-Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður.

Mýrar í Dýrafirði

Rófur tekur upp um hávetur

Það þykir tíðindum sæta þegar veðurfar á Vestfjörðum gerir fólki kleift að stunda garðyrkjustörf og ræktun fram í janúar. Lygilegt, en satt engu að síður því að húsfreyjan að Mýrum í Dýrafirði er rétt nýbúin að taka upp rófnar sínar. „Mér fannst þetta svo lítið í haust að ég hreinlega nennti ekki að taka upp. Það hefur nú sennilega verið einhver snjófól hérna yfir, en nú á dögum eftir hlýindin varð okkur lítið út í garðinn og sáum okkur til mikillar

furðu að það voru bara komnar þessar finu rófur. Þær höfðu sem sagt náð að vaxa og dafna í góða veðrinu sem verið hefur í haust og vetur. Við drifum auðvitað í að taka upp og uppskeran var bara ágæt, við fengum í tvo þoka af góðum rófum,“ sagði Edda Arnholtz sem vissi til þess að Sólveig Bessa Magnúsdóttir, nágrenna-kona hennar, ætlaði fljótlega að kíkja eftir gulrótum sem hún á í jörðu. Jahá, þetta eru Vestfirðir í dag.



Mýrar í Dýrafirði.

Fátækt á Vestfjörðum?

Tíu prósent þjóðarinnar undir fátæktarmörkum

Talsvert var fjallað um aukna fátækt á Íslandi í fjölmiðlum fyrir jólin. Fullyrt var, að aldrei hafi fleiri sótt aðstoð til félagsmálayfirvalda og átti það ekki eingöngu við höfuðborgarsvæðið, heldur landið allt. Í áramótaávarpi hélt Davíð Oddsson forsætisráðherra því fram, að þetta væri stormur í vatnsglasi þótt vissulega væri vandí á ferðinni. Í nýrri könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands kemur þó fram að 10% þjóðarinnar er með tekjur undir fátæktarmörkum þrátt fyrir að fækkað hafi í þeim hópi um 6000 manns frá árinu 1995. BB fór á stúfana og kannaði hjá félagsmálayfirvöldum hvort fátækt væri til staðar á Vestfjörðum og hvort hún færi vaxandi.

Guðrún Sigurbjörnsdóttir, félagsmálafulltrúi Bolungarvíkur, sagði að alltaf væri eitthvað um að fólk leitaði eftir aðstoð en hún gæti ekki séð að

það væri meira fyrir jól en á öðrum árstímum. Hún sagði að ýmsar ástæður væru þess valdandi að fólk bæði um aðstoð en vildi ekki tjá sig frekar vegna trúnaðar síns við skjólstæðinga. Hún staðfesti þó að fleiri hefðu leitað aðstoðar 1996 en árið áður.

Jón Tynes, félagsmálstjóri Ísafjarðarbæjar, sagði að minna hefði verið um veitta aðstoð nú fyrir þessi jól en áður. „Menn verða í fyrsta lagi að koma sér saman um skilgreiningu á fátækt. Hún er skilgreind af Félagsvísindastofnun eftir sjálfstjórnun ákveðnum staðli sem ég hef nú reyndar ekki séð og á þess vegna erfitt með að tjá mig út frá. Sameining sveitarfélaga á síðasta ári hefur þýtt að fjárhagsaðstoð hefur aukist frá árinu áður en þetta er líka allt annað sveitarfélag. Forsendur hafa breyst því hérna hafa verið sameinuð sex sveitarfélög. Þar fyrir utan, þá er

það staðreynd að þegar þessi málaflökkur er komin hér inn á borð og er ekki lengur á hreppsskrifstofunni eða hjá oddvitanum, þá verður það til þess að það verður auðveldara að leita eftir aðstoð vegna þess að nálægðin er minni.

Fátækt hefur að mínu mati ekki aukist og ég held að við séum mun betur stödd hérna heldur en mjög víða annarsstaðar. Auðvitað þarf fólk fjárhagsaðstoð af og til, en hvort kalla eigi það fátækt veit ég ekki því það er skilgreiningaratriði. Það segir sig hinsvegar sjálft að viðvarandi atvinnuleysi eins og á Þingeyri skapar að sjálfsögðu ákveðin vandamál. Atvinnuleysisbætur eru lágar og fólk er auðvitað búið að vera í vinnu og setja upp sínar áætlanir. Þegar fólk síðan missir vinnuna þá standast hlutirnir ekki og þá verða oft vandræði. Lausnin getur verið að endursemjá um skuldir sem

þó getur reynst erfitt þegar fólk veit ekki hvenær það fær vinnu aftur.“

Jón sagði að umbeðin aðstoð tengdist oftast tekjumissi sem orsakaðist af atvinnuleysi, veikindum eða öðrum ástæðum. Atvinnuleysi væri alltaf eitthvað þótt það mældist jafnan minnst á Vestfjörðum. Fátækt sagði Jón vera erfitt að skilgreina og hann hefði það ekki á tilfinningunni að hún væri til staðar þrátt fyrir að ljóst væri að tekjur fólks væru mismunandi og að sumir hefðu mjög lág laun. Hægt væri að velja fyrir sér hvort það er fátækt þegar fólk reisir sér burðarás um öxl og á ekki fyrir nauðþurftum vegna þungra afborgana af ýmsu sem kannski hefði verið hægt að vera án. Upphæð lágmarksframfærslu samkvæmt skilgreiningu Jóns er; 55.660,- krónur fyrir einstakling og 89.056,- krónur fyrir hjón með eitt barn.



Skíðasvæðið í Tungudal á dögnum.

Snjólaust á skíðasvæði

Golfið í staðinn

Snjóleysi hefur hamlað skíðaiðkun það sem af er vetri og gerast skíðadellumenn ópolinmóðir og vildu gjarnan geta farið að þeysa um brekkur Tungu- og Seljalandsdals á skíðum sínum. Göngu-skíðasvæðið hefur verið opið og hafa menn nýtt sér það talsvert. Þegar BB hafði samband við Björn Helgason, íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, til að spyrja hvort hann hefði

engar áhyggjur af snjóleysinu svaraði hann; að það væri það sísta sem hann hefði áhyggjur af, „snjórin skilar sér, það er engin hættu á öðru.“ BB mælir með að menn taki upp golfsettið á meðan beðið er eftir snjónum og æfi þúttin sín á iðagrænum grasvöllum Vestfjarða. Þetta gerist nú varla betra á sumrin - eða þannig.



ÍSAFJARÐARBÆR

Atvinna

Starf matselju nemenda við Grunnskólann á Ísafirði er laust til umsóknar nú þegar.

Um er að ræða 75% starf sem felst í því að útbúa og selja brauðmeti o.fl. til nemenda í frímínútum og matarhléi. Einnig er um að ræða öflun aðfanga, færslu dagbókar og greiðslu reikninga mótuneytis. Starfið tengist náð félagsmiðstöð nemenda sem er á sama stað.

Við leitum eftir reglusömum og ábyrgum einstaklingi sem á auðvelt með að hafa jákvæð samskipti við unglinga.

Nánari upplýsingar gefur skólastjóri í síma 456 3044.

Skólastjóri.



SVÆÐISSKRIFSTOFA MÁLEFNA
FATLAÐRA VESTFJÖRÐUM

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Vestfjörðum óskar eftir að ráða fólk til starfa í hin ýmsu störf. Endilega gefið eftirfarandi auglýsingum gaum.

Hvesta vinnusalur

Starfsmann vantar í 100% starf frá 1. febrúar. Hvesta er hæfingarstaður fyrir fólk með fötlun sem er starfrækt frá kl. 08:00 - 16:00 alla virka daga. Hlutverk starfsmanna er að aðstoða fólk við ákveðin verkefni sem unnin eru. Mikilvægt er að starfsmenn séu stundvísir og eigi auðvelt með samskipti við annað fólk.

Nánari upplýsingar gefur Kristjana Jónasdóttir í síma 456 3290.

Sambýli í Bræðratungu

Starfsmann vantar til afleysinga í tvö sambýli í Bræðratungu. Um er að ræða kvöldvaktir og helgarvaktir. Hlutverk starfsmanna er að aðstoða íbúa sambýlanna við daglegar athafnir.

Nánari upplýsingar gefa Kolbrún Sigurðardóttir og Bára Guðmundsdóttir í síma 456 3290

Frekari liðveisla

Starfsmenn vantar til að aðstoða fólk með fötlun sem býr í eigin íbúðum. Um er að ræða aðstoð við daglegar athafnir. Vinnutími er eftir samkomulagi við þann sem þjónustunnar nýtur.

Nánari upplýsingar gefur Sigfríður Hallgrímsdóttir í síma 456 5224.

Umsóknarfrestur er til 14. janúar næstkomandi. Umsóknareyðublöð liggja frammi á Svæðisskrifstofunni, Mjallargötu 1, Ísafirði.


Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og Starfsmannafélags ríkisstofnanna.

Erfitt að fá Íslendinga til starfa í fiskvinnslu

Hin seinni ár hafa fiskvinnslufyrirtæki á Vestfjörðum í æríkari mæli þurft að reiða sig á erlent verkafólk og íslenskt farandverkafólk. Fólksfækkun og áföll vegna náttúruhamfara og neikvæð umræða um Vestfirði ásamt erfiðu veðurfari eru ástæður sem margir benda á þegar leitað er skýringa. Aðrir fullyrða að það séu launin sem virki ekki nógu freistandi á Íslendinga til að þeir flytji sig ásamt fjölskyldum til Vestfjarða og enn aðrir kenna einhæfni í atvinnulífi um allt saman. Það er vissulega af sem áður var, þegar menn gátu unnið eins mikið og þeir kusu og fyrir vikið náð sér upp í launum. Ekki var óalgengt að fólk ynni 10-12 tíma á dag og oft meira á álagstímum. Regla var, fremur en undantekning, að unnið væri á laugardögum og í aflahrotum væri komið á vaktakerfi. Þetta hafði sín áhrif á launaumslög verkafólks sem undi hag sínum nokkuð vel vitandi það, að ef útlát heimilina þyngdust, þá var bara hægt að vinna meira. Í dag er þetta ekki hægt, því yfirvinna hefur víðast verið skorin niður. Algengt er að einungis sé unnið fimm daga vikunnar í átta tíma á dag og það virðist ekki nægja fólki til að ná endum saman. Þó eru til undantekningar á þessu.

Hjá Kambi hf. á Flatreyri hefur verið mikil vinna og ekki er óalgengt að mánaðarlaun verkafólks slagi hátt í 200.000,- krónur. Á skrifstofu fyrirtækisins fengust þær upplýsingar að þrátt fyrir mikla og jafna vinnu sé sífellt erfiðara að fá fólk til starfa og hafa þeir því þurft að brúa bilið með erlendu vinnuafli. Þeir segja jafnframt að lítið sé hægt að treysta á íslenskt farandverkafólk því það staldri yfirleitt stutt við. Nú starfa hjá Kambi 38 erlendir starfsmenn á móti 42 íslenskum.

Ekki er algilt að fiskvinnslufyrirtæki þurfi að reiða sig á erlent vinnuafli og eru sum þeirra eingöngu mönnuð



Bakki hf. í Bolungarvík. Fjöldi erlendra farandverkamanna er þar að störfum um þessar mundir.

Íslendingum. Til að fá úr því skorið hversu hátt hlutfall erlends vinnuafli í fiskvinnslu á Vestfjörðum er, gerði BB úttekt sem fól í sér að haft var samband við öll helstu fiskvinnslufyrirtæki og þau beðin að gefa upp heildarfjölda starfsmanna og fjölda útlendinga. Úttektin er ekki tæmandi, en ætti að gefa nokkuð góða hugmynd hvernig þessum málum er háttað.

Þegar úttektin er skoðuð kemur í ljós að hlutfall útlendinga í fiskvinnslu er mjög breytilegt eftir svæðum. Á Flateyri er hlutfallið hátt eða um 50% og í Bolungarvík sömuleiðis. Í hraðfrystihúsinu í Hnífsdal eru 25 útlendingar af 72 starfsmönnum. Á öðrum stöðum er hlutfallið meira Íslendingum í hag. Þegar tekinn er saman heildarfjöldi verkafólks í fiskvinnslu á Vestfjörðum þá er hlutfall erlends vinnuafli í heildinni 18,46%. Það skal tekið fram að smærri fyrirtæki eru ekki höfð með í samanburði þessum og getur það skekkt heildarmyndina eitthvað.

Hlutfall Íslendinga og útlendinga í fiskvinnslu á Vestfjörðum

	Íslendingar	Útlendingar
Bölfiskur Bolungarvík	16	24
Bakki í Bolungarvík	105	35
Bakki í Hnífsdal	75	2
Hraðfrystihúsið Hnífsdal	47	25
Íshústölslag Ísafirðinga	60	0
Hásafell Ísafirði	105	13
Frosti Súðavík	52	8
Kambur Flateyri	42	38
Freyja Suðureyri	68	2
Hólmastrandur Hólmanvík	56	4
Trostan Bíldudalur	(30) ¹	0
Rækjuver Bíldudalur	(15) ²	0
Hraðfrystihús Tálknafjarðar	*	
Samtals	698	158

¹ Vinnsla liggur niðri vegna hraefmisskorts

² Lokað vegna breytinga

* Ekki náðist í forsvarsmenn fyrirtækisins

Hér er eingöngu um heildarstarfsmannafjölda að ræða og ekki gerður greinarmunur á heilds dagsstarfi og hálf dagsstarfi.

Íþróttamenn ársins

Hverjir verða fyrir valinu?

Í Bolungarvík fer kjör íþróttamanns ársins fram um miðjan janúar en félög innan UMFB eiga að skila inn tilnefningum sínum fyrir 15. janúar að sögn Einars Guðmundssonar hjá Íþrótt- og tómstundaráði Bolungarvíkur. Í fyrra varð hestamaðurinn Jón Guðni Guðmundson fyrir valinu og eru margir orðnir spenntir að sjá hver verður kosinn nú. Nú fer fram í fyrsta sinn kjör íþróttamanns Ísafjarðarbæjar og eiga félög innan ÍBÍ og HVÍ að vera búin að skila inn tilnefningum sínum fyrir 6. janúar. Björn Helgason, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi, sagði að ekki væri komin dagsetning



Ásta Halldórsdóttir. Á sjálft kjörið því tengja ætti það opnun á nýju íþróttahúsi á Þingeyri og ekki væri ljóst á þessari stundu hvenær hún yrði. Hann sagðist þó vonast til að kjörið gæti farið fram um miðjan janúar. Í fyrra var það skíðakonan Ásta Halldórsdóttir sem kjörin var íþróttamaður ársins á Ísafirði.

Íslandsflug hefur sinnt sjúkraflugi í eitt ár

Félagið er komið til að vera

Íslandsflug hafði nú um áramótin, séð um sjúkraflug fyrir Vestfirðinga í eitt ár. Að sögn Gunnars Þorvaldssonar, framkvæmdastjóra, hefur gengið ljómandi vel að hans áliti þrátt fyrir að ýmislegt hafi komið upp sem ekki var fyrir-séð. Íslandsflug er einnig með áætlunarflug og flýgur á hverju kvöldi flugleiðina; Reykjavík-Bíldudalur-Ísafjörður og á hverjum morgni; Ísafjörður-Bíldudalur-Reykjavík.

„Við höfum reynt að samnýta þetta svölítið með áætlunarfluginu milli Ísafjarðar og Bíldudals og má segja að það fyrirkomulag sé á tilraunastigi enn. Það setti svölítið strik í reikninginn að út af vanda-málum sem upp komu vegna þess að hurð á flugskýli skemmdist, þá urðum við að fara að nota aftur 9 sæta vél í stað Dornier vélarinnar en það ástand varaði í um tvo mánuði. Við þetta datt tempóið svölítið úr því sem við höfðum ætlað



okkur að gera. Það gerist óhjákvæmilega, þegar verið er að byggja upp nýja rútu og reyna að fá fólk til að breyta um félag, þá þarf að vera stöðugleiki á hlutunum. Fólk var vant að ferðast með Dornier vélinni og kunnir ekki að meta þegar allt í einu var komin 9 sæta sjúkraflugi í staðinn. Fólk má ekki fá á tilfinninguna að flugfélag sé einhver ruggu-hestur sem skiptir um vélar og fellir niður ferðir eftir hentug-

leikum og þess vegna var slæmt að þetta vandamál skyldi koma upp. Mér skilst að það sé nú úr sögunni og Dornier vélin farin að þjóna Vestfirðingum aftur.“ Gunnar segir að það þurfi langlundargæð og peninga til að byggja upp nýja leið vegna þess að fólk vilji sjá að hlutirnir séu í lagi áður en það er tilbúið til að setjast í. Hann segir að setanýting í áætlunarfluginu sé þokkaleg en hann vilji sjá hana betri. Félagið hyggur þó á

frekari landvinninga hér fyrir vestan og segir Gunnar að 1. júlí, þegar áætlunarflug verður gefið frjálst, megi vænta einhverra breytinga en gat ekki sagt í hverju þær fælust nema að hann reiknaði með að ferðum til Bíldudals myndi eitthvað fækka. Hann segir það ljóst að Íslandsflug sé komið til Ísafjarðar til að vera og hann voni að sjúkraflugið verði áfram á þeirra höndum.

Sala flugelda gekk vel

Um hver áramót er flugeldum fyrir milljónir skotið á loft til að fagna nýju ári og kveðja það gamla. Á flestum stöðum sjá björgunarsveitir og góðgerðarsamtök um sölnu þannig að hagnaðurinn nýstist til margra góðra mála. BB hafði samband við þá aðila sem höfðu með sölnu að gera á Ísafirði og í Bolungarvík.

Björgunarsveitin Tindar í Hnífsdal var með flugeldasölu og að sögn Magnúsar Helgasonar, formanns Tinda, gekk

salan vel og jafnvel heldur betur en í fyrra.

„Ég hef ekki tekið þetta saman endanlega, en mér sýnist að við höfum selt fyrir um 800 þúsund krónur,“ sagði Magnús og virtist ánægður með hlut sinna manna.

Í Bolungarvík var það Lionsklúbburinn sem sá íbúum fyrir eldmeti og að sögn Hafþórs Gunnarssonar, formanns fjórðungssjúkrahúsins, gekk salan vel og seldi klúbburinn fyrir um 500.000,- krónur. „Það voru

fjölskyldupakkarnir sem seldust best hjá okkur og það kom á óvart að dýrustu pakkarnir seldust upp fyrst.“

Einar Yngvason, sveitarforingi Hjálparveitar skáta á Ísafirði kvað sölnu hafa gengið vel eða mjög svipað og í fyrra. Þó hafi verið breyting á hvernig salan hafi farið fram því að nú hafi aðal viðskiptin verið síðustu tvo dagana en í fyrra hafi dreifingin verið jafnari. Einar vildi ekki gefa upp sölutölur en sagði þó að

hagnaðurinn dygði að minnsta kosti ekki fyrir rekstri sveitarinnar.

Ef gefnar eru þær forsendur að sala skátanna hafi verið svipuð og í fyrra og að Vestfirðingar almennt hafi eytt svipuðu í flugelda og Ísfirðingar og Bolvíkingar, má ljóst vera að flugeldum fyrir rúmlega 4 milljónir króna hafi verið skotið á loft frá Vestfirðum um þessi áramót.

Þóra Hansdóttir í Bolungarvík skrifar

Hugleiðing um hraðakstur

Oft heyrum við fólk á miðjum aldri, besta aldri og fullorðinsaldri, stynja þungan undan hraðakstri ungra ökumanna og allri þeirri slyshættu, sem þessir aðilar valda.

Ekki skal nú með þessum línunum gert lítið úr þeirri hættu, sem hraðakstur ungmenna getur valdið og víst er að oft er lítið reyndur ökumaður að aka á hraða, sem er langt yfir getu. Sú staðreynd að ungt fólk verður oftast fyrir hörmulegum slysum í umferðinni en eldra og reyndara, þarf þó ekki endilega að vera sú að reyndir menn séu alltaf jafn gætnir. Ungt fólk er jú oft ansi öflugt og þar af leiðir að það er oftast á ferðinni en endilega þörf krefur. Gæti það ekki hugsanlega verið ein ástæðan?

Það sem ég vildi þó helst gera að umræðuefni hér, er hraðakstur og grobb af hraðakstri reyndra ökumanna. Sem betur fer heyrir maður ekki lengur fólk stæra sig af því að aka undir áhrifum áfengis, en það eru nú ekki svo mörg árin síðan slíkar grobbsögur voru sagðar í góðra vina hópi. Í dag heyrum við meira að segja áhugamenn um umferðaröryggismál og menn sem eiga starfa sinna vegna að vera fyrirmynd í

umferðinni, segja að „jú, þeir aki stundum of hratt.“

Talað hefur verið um að hámarks hraðinn sé of lítill, en með fullri virðingu fyrir vegum landsins, þá leyfa þeir nú tæpast neinn ofurhraða, enda hefur slíkt oft endað með ósköpum. Almenningsálitið er í raun og veru það að þeir, sem aka á löglegum hraða, svo ekki sé minnst á þá, sem voga sér undir mörkin, eru annað hvort „kerlingar“ eða „karlar með hatt.“ Mér finnst mál til komið að tekið verði á þessum hugsunarhætti með fyrirlitningu.

Auðvitað á ríkjandi hugsun að vera þessi: Þeir, sem ekki virða lög og rétt eru annað hvort „bennar“ eða „stennar“, þ.e. beinhausar eða steinhausar. Hitt er svo annað mál að við sem kjósum að vera „kerlingar“ eða „karlar með hatta“ verðum að sjálfsögðu að muna eftir baksýnispeglunum.

Að svo mæltu óska ég okkur slysalausrar umferðar á árinu 1997.

Bolungarvík í desemberlok 1996,
Þóra Hansdóttir.

Tónlistarfélag Ísafjarðar

Breytingar í vændum

Aðalfundur Tónlistarfélagssins verður haldinn í Tónlistarskólanum við Austurveg næst-



Afmæli

50 ára

Pétur H.R. Sigurðsson, verður fimmtugur miðvikudaginn 15. janúar nk.

Pétur og Guðrún eiginkona hans bjóða vín og kunningjum til morgunverðar að Urðarvegi 20 á Ísafirði frá kl. 06:30 til kl. 10:00 á afmælisdaginn.

komandi sunnudag kl. 16.

Fyrir fundinum liggur tillaga frá fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar um að Tónlistarfélagið taki að sér alla tónlistarfræðslu í kaupstaðnum auk tónmenntar í grunnskólunum. Einnig er lagt til að skólinn fái til afnota tvær efstu hæðir Húsmæðraskólans, en það verður óumflýjanlega til þess að hætt verður við fyrirhugaða byggingu skólahúss á Torfnesi. Þá verður lögð fram tillaga þess efnis að öll tónlistarfræðsla færast frá Tónlistarfélaginu til bæjar-

stjórnar og jafnframt að þótt móðurskóli verði á Ísafirði þá yrðu útibússtjórnar með töluverðu sjálfstæði í hverju kaup-túni.

Greinilega eru miklir umbrotatímar framundan hjá Tónlistarfélaginu og tónlistarskóla þess, en hann hefur getið sér góðan orðstír og telst ein helsta skrautfjöldin í menntamálu Vestfjarða. Stjórn félagsins hvetur því alla áhugamenn um tónmennt og þá sérstaklega foreldra tónlistarnema til að fjölmenna á fundinn

og taka þátt í umræðum og stefnumörkun.

Stjórnin lítur þannig á, að félagssvæði Tónlistarfélagssins sé allur hinn nýji Ísafjarðarbær og hvetur íbúa nágrenna-byggðanna sem innan bæjar-markanna búa til að koma til fundarinnar.

Auk ofangreindra mála verða tekin fyrir hefðbundin aðalfundarstörf og tónlistaratriði verður flutt svo sem hefð er orðin fyrir, auk þess verður boðið upp á kaffiveitingar.

Körfuknattleikur

Tap gegn Keflavík

Keflavík hafði sigur gegn KFÍ á sunnudag þegar liðin mættust í fjögurra liða úrslitum Bikarkeppni KKÍ. Keflavíkingar höfðu yfirhöndina allan leikinn þrátt fyrir góða

baráttu KFÍ manna og urðu lokatölur leiksins 59-79. KR hafði betur gegn Grindavík, þannig að það verða Keflavík og KR sem mætast í úrslitaleikum.

N.k. föstudag leikur KFÍ gegn Skallagrími frá Borgarnesi í DHL deildinni og hefst leikurinn kl 20:00 í íþróttahúsinu að Torfnesi.


Jeppi til sölu

Til sölu er bifreiðin LT-311, sem er langur MMC Pajero, árgerð 1990.

Bifreiðin er sjálfskipt, með rafmagni í rúðum og rafdrifinni sóllúgu.

Upphækkun á 31" dekk. Vel með farinn bíll.

Allar nánari upplýsingar gefur Sigurjón í síma 456 4360 á daginn og 456 4277 á kvöldin.



BÍSAFELL HF.

Íbúð óskast

Góð íbúð eða sérbylí óskast til leigu á Ísafirði. Leiguskipti möguleg á glæsilegri 155m² íbúð í Reykjavík með 28m² bílskúr eða lítilli 24m² einstaklings íbúð.

Hafið samband í síma 896 8300 eða 456 4733 (Ragnar).



FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Á ÍSAFIRÐI

Símavarsla / móttaka

Starfsmaður óskast að Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði til símavörslu / móttöku.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf nú í janúar eða skv. nánari samkomulagi. Vinnutími er frá kl. 13:00 - 17:00.

Umsóknarfrestur er til 15. janúar n.k. Nánari upplýsingar veitir framkvæmdarstjóri í vs. 456 4500.

Leiðbeinandi

Leiðbeinandi óskast í 50% starf. Leiðbeinandi hefur umsjón með föndri og annarri dægradvöl sjúklunga. Föndur er liður í iðju- og endurhæfingarmeðferð og er leiðbeinandi starfsmaður endurhæfingardeildar FSÍ.

Leitað er að starfsmanni með reynslu í alhliða föndurvinnu (hannyrðum, léttum vefnaði, málun, mótun úr leir, o.p.h.) Leiðbeinandi þarf að eiga auðvelt með að vinna með sjúkum og öldruðum og hafa til að bera frjótt ímyndunarafl. Umsóknarfrestur er til 22. janúar n.k.

Nánari upplýsingar veita hjúkrunarforstjóri eða yfirsjúkraþjálfari í vs. 456 4500.

Hundaeigendur Ísafirði og Hnífsdal

Árleg hundahreinsun fer fram í dýralækna-bústaðnum, Urðarvegi 16, Ísafirði, mánudaginn 13. janúar kl. 16:00 - 19:00 og þriðjudaginn 14. janúar kl. 17:00 - 20:00.

Héraðsdýralæknir.

Vonumst til að geta spilað langt fram á skíðatímabilið

Óli Reynir Ingimarsson, Tryggvi Guðmundsson og Samúel Einarsson, félagar í Golfklúbbsi Ísafjarðar, voru á meðal keppenda á Nýársmóttinu á laugardag. Tryggvi varð annar í móttinu og Samúel fjórði.

– segir Birgir Karlsson, formaður mótanefndar Golfklúbbsins Glámu á Þingeyri, en klúbburinn startaði golftímabilinu með Nýársmóttinu á laugardag

Fyrsta golfmót ársins á Vestfirðum, og jafnvel á landinu öllu, var haldið á golfvelli Golfklúbbs Glámu á Þingeyri á laugardag. Um var að ræða svonefnt Nýársmót og voru keppendur sautján frá Þingeyri og Ísafirði. Mjög óvanalegt er að golfarar geti stundað íþrótt sína á þessum árstíma enda hefur veðurfar jafnan verið með öðrum hætti í janúar. Golfarar eru því ánægðir um þessar mundir en sömu sögu er ekki að segja af skíðaáhugamönnum, sem lítið sem ekkert hafa getað stundað íþrótt sína í haust og það sem af er þessu ári. Á Nýársmóttu Golfklúbbs-

ins Glámu voru leiknar 9 holur. Sigurvegari var Birgir Karlsson á Þingeyri sem fór holurnar níu á 44 höggum. Annar varð Tryggvi Guðmundsson á 45 höggum, þriðji Egill Sigmundsson á 46 höggum, fjórði varð Samúel Einarsson á 47 höggum, fimmti Jóhann Torfason á 49 höggum og sjötti varð Björn Helgason á 50 höggum. Þeir fimm síðasttöldu eru allir frá Ísafirði. Birgir Karlsson, formaður mótanefndar Golfklúbbsins Glámu sagði í samtali við blaðið að tíðarfarið undanfarið hefði verið mjög sérstakt og að menn myndu ekki eftir að

hafa getað spilað golf áður um áramót. „Það var allt frosið í haust en í desember byrjaði að þiðna aftur. Við spiluðum 28. desember, ég og þrír Ísafirðingar, síðan fórum við aftur á Gamlársdag og þá var sérstaklega gott að spila. Menn hér muna ekki eftir öðru eins tíðarfari og það má eiginlega segja það um landið í heild. Eg held að þetta mót okkar sé það fyrsta sem haldið er hér á landi á þessu ári og við munum reyna að spila eins lengi og færi gefst. Við vonumst til að geta spilað langt fram á skíðatímabilið,” sagði Birgir í samtali við blaðið.



Birgir Valdimarsson, Halldór Pálmi Bjarkason og Björn Helgason við síðustu holu brautarinnar. Það er Björn sem er að putta.

Niðurgreiðslu póstdreifingar á blöðum hætt

Póstburðargjöld blaða munu hækka um 800 prósent

– verði af áformum Pósts og síma hf., um að blaða- og tímaritaútfendur greiði fullt gjald fyrir sendingar blaða og tímarita til áskrifenda

Halldór Blöndal, samgönguráðherra skýrði frá því fyrir stuttu að felldar yrðu niður 400 milljóna króna niðurgreiðslur sem gilt hafa við dreifingu á innrituðum blöðum og tímaritum, en þau hafa hingað til notið sérkjara hjá Pósts og síma hf., sagðist í samtali við DV fyrir stuttu, ekki geta sagt til um hvað niðurfellingin hefði í för með sér en hann reiknaði með að hefði í för með sér almennar breytingar á gjaldskránni.

„Það munu gilda almenn burðargjöld fyrir þessa aðila sem áður hafa notið sérkjara. Það verður ekki í framtíðinni verðlagt eftir því hvaða aðili gefur út tímaritið eins og gert er í dag. Það er breyting en hve víðtæk áhrif hún hefur get ég ekki svarað hér og nú. Það má ekki krossfesta þá aðila sem staðið hafa í blaða- og tímaritaútgáfu og hafa sett sér einhver langtímamarkmið út frá því verði sem nú er í gildi,” sagði Guðmundur í samtali við DV.

Ljóst er að fari svo að útfendur blaða og tímarita þurfi að

greiða fullt gjald fyrir sendingu blaða og tímarita til áskrifenda sinna, munu mörg þeirra lenda í miklum fjárhagserfiðleikum sem jafnvel getur leitt til þess að þau leggi upp laupana. Á þetta sérstaklega um héraðsfréttablöð sem svo mjög eru háð þjónustu Pósts og síma hf. Útfendur blaða og tímarita floga nú til hvaða ráða skuli tekið, en skattlagning af þessu tagi þýðir um 800% hækkun á burðargjaldi BB, svo dæmi sé tekið. Í dag greiðir blaðið 5 krónur fyrir hvert eintak vikulega, en verði af skattlagningu Pósts og síma hf., þarf blaðið að greiða 45 til 55 krónur fyrir hvert eintak.

Margir útfendur spyrja sig því í dag af því hvort áskrifendur séu tilbúnir að greiða aukagjald fyrir flutninginn eða hvort um fjöldauppsagnir verði að ræða á áskrifendum. Flest héraðsfréttablöð á landinu hafa sinn stærsta tekjupóst af áskrifendum og því er ljóst að ákvörðun forsvarsmanna Pósts og síma hf., mun hafa víðtæk áhrif á útgáfu fjölmargra héraðsfréttablaða sem og margra tímarita.



Einar Yngvason við nýja snjóbilinn.

Hjálparsveit skáta

Fær nýjan snjóbil

Hjálparsveit skáta á Ísafirði keypti í haust nýjan snjóbil frá Akureyri. Bíllinn sem er árgerð 1985 leysir af hólmi bíl sömu gerðar og er tveimur árum yngri. Einar Yngvason, sveitarforingi, var spurður hvers vegna farið var út í að skipta um bíl?

„Þeir eru alveg eins þessir bílar og fæstir hafa sjálfsagt tekið eftir að búið er að skipta um bíl. Það sem er frábrugðið með þeim er að þessi bíll er t.d. á breiðari beltum og meira er lagt í innréttingar ásamt því að hann er minna keyrður. Aðalmálið er þó það að bíllinn sem við áttum var hálfgerð tilraunaútgáfa, enda eintak númer tvö frá verksmiðjunni. Það varð til þess að alla tíð hefur verið erfitt að fá varahluti í hann og hlutir eins og glussakerfi fyrir tönnina hafa aldrei virkað almennilega. Með þessum bíl búum við, við meira öryggi í varahlutamálum en það er mjög mikilvægt eins og gefur að skilja.“

Einar sagði að bíllinn hefði m.a. það hlutverk að þjóna Fjórðungssjúkrahúsínu á Ísafirði í vöndum veðrum við að koma starfsfólki til og frá vinnu ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Eins hafi verið töluvert um ferðir yfir Breiðadalsheiði sem fækkaði sjálfsagt nú með tilkomu jarðganganna.

Einar sagði að starfið hefði verið gott það sem af er vetri og af nógu að taka. „Við höfum kannski ekki fengið eins mikið af nýliðum í vetur eins og við hefðum kosið og er því hér með komið á framfæri að það er þörf á fleirum.“

Jólagetraun lögreglunnar

Hin árlega jólagetraun lögreglunnar á Ísafirði og Umferðarráðs fór fram fyrir jól og voru verðlaun afhent vinningshöfum á Þorláksmessu. Um fjögur hundruð börn í lögsagnarumdæmi lögreglunnar á Ísafirði tóku þátt í getrauninni og fengu um 120 þeirra afhent verð-

laun.

Aðalverðlaunin, flugfar frá Ísafirði til Reykjavíkur og til baka í boði Flugleiða, komu í hlut Gunnars Kristjánssonar, Brautarholts 14 á Ísafirði. Önnur verðlaun voru gefin af vestfirskum fyrirtækjum og kann lögreglan þeim bestu þakki fyrir stuðninginn.



Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Ísafirði afhendir hér Gunnari Kristjánssyni aðalverðlaun jólagetraunar lögreglunnar og Umferðarráðs. Á myndinni eru einnig tveir vinir vinningshafans.

Nýtt ár

Gleðilegt ár lesandi góður og þakka þér samfylgdina á liðnu ári. Nýtt ár er byrjað, árið 1997. Vestfirðingum og landsmönnum öllum eru hér færðar bestu óskir um frið og farsæld á nýbyrjuðu ári. Enginn leið er að geta sér til um hvað það færir okkur sem þjóð eða einstaklingum og fjölskyldum þeirra. Liðið ár hefur að mörgu leyti reynst Íslendingum gott ár. Vonandi verður hið sama uppi á teningnum á nýbyrjuðu ári. Ekki er ástæða til annars en hvert okkar setji sér það mark, að árið 1997 verði enn betra en gengið ár.

Við ráðum ekki öllu í lífi okkar, hvorki einstaklingar né þjóð. En markið getum við sett hátt og stefnufesta skilar okkur lengra fram á veginn en að láta reka á reiðanum, sem hlýtur þó stundum að eiga við til sjós. Íslendingar eru þeirrar náttúru að geta deilt og karpað um öll efni möguleg og ómöguleg ef svo má að orði komast. Hinu verður ekki neitað að náttúran lék við Íslendinga á liðnu ári og gerir enn. Borið saman við veðurfar í Evrópu og Bandaríkjunum leikur veðrið við okkur nú. Logn og hlýindi einkenndu nýliðinn desember og byrjun janúar, þótt nú sé tekið að kolna. Árið var gott. Færri létu lífið af slysförum en gerst hefur undanfarin 44 ár. Árið 1995 var þungt í skauti vegna náttúruhamfara ekki síst á Vestfirðum. Öll öllum við þá von í brjósti að náttúran verði þessari þjóð á norðurhvara veraldar mild.

Eldgosið í Vatnajökli kostaði einungis fjárhagslegar fórnir. Mannslíf töpuðust ekki. Engu að síður var það áminning um kraft náttúrunnar. Þjóð sem býr á Íslandi verður að halda vöku sinni. Íslandssagan kennir okkur, að eldgos, jarðskjálftar, snjóflóð og skriðuföll eru regla, ekki undantekning. Löngu er orðið tímabært að við gerum okkur grein fyrir þessum staðreyndum.

Umferðarslys sem höfðu í för með sér dauða fólks voru óvenju fá á síðasta ári. Engu að síður kemur á óvart að notkun öryggisbelta skuli vera svo lítil sem raun ber vitni hér um slóðir. Alvarlegt slys varð fyrir skömmu á Gemlufallsheiði. Bíll fór út af veginum og valt, bílstjórinn kastaðist út og lá lengi brotinn og kaldur utan vegar. Fyllsta ástæða er til þess að ætla að öryggisbelti hefði bjargað honum frá fótbroti að minnsta kosti, hefði það verið notað.

Hver er sinnar gæfu smiður

Í daglegu lífi eru mörg öryggisbeltin ónotuð, ef svo má að orði komast. Allt umhverfis okkur eru til tæki þreifanleg og óþreifanleg, sem geta komið í veg fyrir óhöpp og slys ef umhugsun er notuð.

Helsta einkenni umferðar á Íslandi er ónærgætni öikumanna, bæði gagnvart sjálfum sér og öðrum vegfarendum. Ástæðulaust er að trúa því að svo sé af yfirveguðu ráði. Hugsunarleysið ræður mestu ef að líkum lætur.

Sams konar fyrirhyggjuleysi má gjarnan sjá ef lítið er til þess hvernig fólk ræktar heilsu sína. Vakning hefur átt sér stað á undanförunum árum. Heilsuræktarstöðvar hafa sprottið upp eins og gorkúlur. Sem betur fer notar fólk þær. Samt heldur ungt fólk áfram að borða miður hollan mat og alltaf byrjar stór hópur að reykja. Þó halda margir visindamenn því fram, að eitt sé öruggt varðandi sigarettureykingar. Þær drepa fólk sem reykir þær. Reykingar styttu ævi fólks, eýðaleggja heilsu þeirra og kosta stórfé.

Samt heldur fullorðið fólk áfram að reykja og unglingar byrja. Sama er varðandi akstur. Menn aka of hratt, aka drukknir, aka á illa búnum bílum og leggja út í óvissuna.

Um þessi atriði tvö, sem hér hafa verið tiltekin, gildir, að hver er sinnar gæfu smiður. Svo er víðar í mannlífinu. Forvarnir á ýmsum sviðum eru umhugsunar virði og gott betur. Þær eru nauðsynlegar.



Kjósi fólk að taka áhættu með líf sitt, ber því að hugsa um samborgara sína, að leggja ekki líf þeirra og heilsu í hættu.

Alþingismenn og ríkisstjórn hafa stundum of mikið vit fyrir kjósendum sínum. En því verður ekki á móti mælt, að frumvarp til laga um að setja varðhald sem viðurlög við ógreiddum umferðarsektum, sem lögreglustjórar ákveða, er nýlunda af hinu góða.

Sama er að segja um þá breytingu sem fylgir, að setja upp punktakerfi við umferðarlagabrotum, sem kostað getur hinn brotlega þriggja mánaða ökuleyfisviptingu.

Þetta er harkalegt við fyrstu sýn, en hver er sinnar gæfu smiður. Því er litill vandi að komast hjá þessum viðurlögum. Menn hugsa og gæta sín. Það á víðar við.

-Stakkur



Aðeins einn maður hefur náð að brjótast út úr Alcatraz. Nú þurfa tveir að brjótast inn!



Hann leikur ekki golf... ...hann gjöreyðir því!

Munið að með einni nýrri þá fylgir ein eldri með frítt!

Vídeó Möllin - við Norðurveg

456 4853

TOPP 10 MYNDBÖND HJÁ VÍDEÓHÖLLINI

1. Trainspotting
2. Bilko liðþjálfari
3. Kingpin
4. From Dusk till Dawn
5. Primal Fear
6. Copycat
7. Agnes
8. Broken Arrow
9. Down Periscope
10. Executive Decision

http: góðar NETINU

<http://www.gamespot.com>
Heimasíða leikjaáhugamannsins, en á henni er hægt að nálgast upplýsingar um leiki, sækja leiki og kíkja á öll helstu svindlin.

<http://www.foxworld.com/simpindx.htm>

Hver kannast ekki við Simpson-fjölskylduna. Hér er ein af hundruðum heimasíðna um þessar frægu teiknimyndafígúrir.

<http://www.forthnet.gr/forthnet/isoc/short.history.of.internet>

Hérna er 30 ára saga Netsins. Allt frá byrjun til dagsins í dag.

SPÓLAN TÆKINU



Trainspotting

Trufluð tilvera fjallar um nokkra misruglar persónur sem búa í Edinborg og eiga það sameiginlegt að hafa farið út af sporinu í lífinu.

Trainspotting er einfaldlega mynd sem allir ættu að sjá.



Horfur á fimmtudag: Austlæg átt, víða kaldi. Eljagangur á Norðaustur- og Austurlandi, hætt við snjókomu sunnanlands, en norðvestan og vestantil verður léttskyjað. Frost yfirleitt á bilinu 1 til 8 stig.

Horfur á föstudag og laugardag: Austan og suðaustanátt, kaldi eða stinningskaldi. Slydda eða snjókomu sunnan- og suðaustanlands og hiti nálægt frostmarki, en þurr og vægt frost annars staðar.

Á sunnudag lítur út fyrir suðaustanátt með hláku um allt land og rigningu eða slyddu í flestum landshlutum.

Til sölu **barnavagn**, stór Silvercross dökkgrænn. Upplýsingar eru veittar í síma 456 8353

Til sölu **vélsléði**, Skidoo Safari árg. '92 ásamt keru. Upplýsingar í síma 456 3426 eða 892 9566

Fékkst þú engan mjúkan pakka í jólagjöf? Þá á ég 10 vikna gamlan, mjúkan og blíðan **holphanda** þér. Upplýsingar í síma 456 4643

Óska eftir að kaupa **barnakerru** fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 7564

Motorola **GSM** sími til sölu. Aukahlæðsla fylgir. Upplýsingar í síma 456 5196

Til sölu er 6 ára Whirlpool ísskápur, 2 ára Philco þvottavél, Volkswagen bjalla árg. '76 og hvít stelpnarúm (járnúm) 1½ breidd. Upplýsingar gefur Heiðar í síma 456 5194 eða 456 3454

Fundist hefur silfurperlu **eyrnalokkur**. Eigandinn getur nálgast hann í Videóhöllinni

Til leigu 2ja herb. **íbúð** á eyrinni frá og með áramótum. Upplýsingar í síma 456 4075

Norsk **kúlpa** var tekin í misgripum úr fatahengi Vagnsins á Flateyri. Úlpan er flöskugræn og á fóðri í vinstri ermi og baki er bæjarheiti. Þeir sem gætu gefið upplýsingar eru vinsamlega beðnir að hringja í síma 456 7764

Til sölu **fasteignin** Seljalandsvegur 68, sem er 198m² bjart og rúmgott einbýlishús. Skipti á minni eign á Ísafirði eða á höfuðborgarsvæðinu koma til greina. upplýsingar gefur Guðlaug í síma 456 4786

Til leigu 2ja herbergja **íbúð**. Getur

verið laus fljótlega. Leiguskipti á íbúð á Ísafirði eða Hnífsdal hugsanleg. Upplýsingar í síma 588 4941

Fagraholt 3 Ísafirði. 143m² **einbýlishús** ásamt 40m² bílskúr til sölu. Upplýsingar í síma 456 4323

Til sölu **Remington** 1100, semiauto með 2 þrengingum. 1 árs gömul. Upplýsingar í síma 456 6258

Til sölu **einbýlishúsið** að Völusteinsstræti 20, Bolungarvík. Verð 6.5-7 milljónir. Upplýsingar í síma 456 4461

Til sölu er **Subaru Legacy** station DL, árg. 1993. Góður bíll með upphittuðum

síma 421 6350 á kvöldin.

Fasteignin Bakkavegur 25 er til leigu frá miðjum janúar. Upplýsingar í síma 456 5043

Kassavánir **kettlingar**, fást gefins. Upplýsingar í síma 456 4257 eftir kl. 17:00

Til sölu mjög vel með farnar **skíðabuxur** fyrir 10-14 ára á kr. 10.000.- Upplýsingar gefur María í síma 456 4669

Til sölu **búslóð**. Upplýsingar í síma 456 5086, eftir kl. 19:00

Ung kona óskar eftir **góðrískrifstofu**

Kvíga til sölu. Á að bera í Febrúar. Upplýsingar í síma 456 7118

Óska eftir eftir **dagmömmu** eða skiptipössun fyrir 15 mánaða dreng eftir hádegi. Helst á Eyri. Upplýsingar gefur Anna í síma 456 4262 fyrir hádegi eða eftir kl. 18

Til sölu sambyggt **sjónvarp og vídeó**. Selst ódyrt. Upplýsingar í síma 456 3875

Til sölu 62hp **bátavél** með vökvagfir. Á sama stað vantar ýmislegt í Buhk 36hp bátavél. Upplýsingar gefur Þorsteinn í síma 456 3102

Fundist hafa á Hótel Ísafirði bláir **rúskinnsspariskór**. Upplýsingar í síma 456 4111

Kettlingar fást gefins. Upplýsingar í síma 456 4258

Páfagaukar og bútil sölu. Upplýsingar í síma 456 7559

Til sölu 70m² **íbúð** að Mjallargötu 1. Laus strax. Upplýsingar í síma 456 4081 og 892 1990

Lítið einbýlishús í Bolungarvík til leigu eða sölu. Leigu- eða söluskipti á íbúð eða húsi á Ísafirði væri góður kostur. Upplýsingar gefur Magnús í síma 456 7055 á kvöldin og Sóley í síma 456 5280 á daginn.

Óskum eftir **4-5 herbergja íbúð** eða **húsi** um mánaðarmótin janúar-febrúar. Helst á Eyri. Upplýsingar í síma 456 7451. Rut eða Rake!

Til sölu er **borðstofuborð** ásamt 6 stólum. Upplýsingar eru veittar í síma 465 7579.

Smáauglýsingasími Bjarins besta er 456 4560. Smáauglýsing í BB er engin smá auglýsing.

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

framsætum, rafdrifnum hliðarspeglum og handstýrðu fjórhjóladrifi. Ýmis skipti möguleg. Upplýsingar í síma 456 4304 eða 897 2628

Til sölu **PC tölva** pentium 90. 1GB harðuriskur, 32MB vinnsluminni, módem, 3 leikir (Red Alert) Selst á 100.000.- Upplýsingar í síma 456 4318 eftir kl. 20:00

Týnst hefur **úmeraplata** af bíl, G-3920. Þeir sem gefið geta upplýsingar vinsamlega hringi í síma 456 4264

Til sölu eða leigu er 132m² **einbýlishús** með 70m² bílskúr á Suðureyri. Upplýsingar í síma 567 6217

Til leigu á Suðureyri lítið **einbýlishús**. Allt ný yfirfarið. Lágur húshitunarkostnaður. Laus strax. Upplýsingar í

vinnu, er með margra ára reynslu og skrifstofutækinnám. Auður í síma 456 4434

Óska eftir áhugasömum stúlkum á aldrinum 18-20 ára **ímyndatöku** fyrir Séd og heyr. Áhugasamar hafi samband við Egil í síma 854 5038

Laugardaginn 11. janúar 1997 verð ég **70 ára**. Þess vegna ætla hún Veiga mín að laga kaffi, stelpurnar mínar að útbúa brauðið og strákarnir mínir að sjá um glösin. Verðum í kaffisal Fáfnið hf. Allt verður tilbúið uppúr kl. 18:00. **Gunn Friðfinnsson**

Til leigu er 2ja herbergja **íbúð** við Seljalandsveg. Laus 1. febrúar n.k. Upplýsingar í síma 456 5192 kl. 18:30-20:30 næstu daga.



UM HELGINA

Diskótek

Föstudags- og laugardagskvöld til kl. 03:00

18 ára
aldurstakmark



Munið eftir okkar geysivinsælu brauðstöngum

Hefur þú smakkað Poppers mest selda fingrafæði heims

- alltaf eitthvað nýtt í ofninum

ÍSÁFJARDARBÍÓ



The Arrival


Fimmtudag kl. 21:00

Sunnudag kl. 21:00

Fegurðardrottning Vestfjarða 1997

Undirbúningur að keppninni Fegurðardrottning Vestfjarða 1997 er hafin. 10 ár eru nú liðin síðan fyrst var valin fegurðardrottning á Vestfjörðum og er ætlunin að gera keppnina 1997 sem glæsilegasta og er því ekki seinna vænna en að fara á stúfana og leita að stúlkum til þátttöku. Allar ábendingar eru vel þegnar og eru stúlkur hvattar til að hafa samband við allra fyrsta við Gróu Böðvarsdóttur í síma 456 4486.

Helgar- dagskráin



Föstudagur

- 09.00 Sjónvarpsmarkaðurinn
- 13.00 Loftsteinamaðurinn Meteor Man Gamansöm ævintýramynd um kennarann Jefferson Reed sem er sviplaus og lofthæddur.
- 14.35 Sjónvarpsmarkaðurinn
- 15.00 Út í loftið
- 15.30 NBA-tilprif
- 16.00 Köngulóarmaðurinn
- 16.25 Snar og Snöggur
- 16.50 Myrkfælnu draugarnir
- 17.15 Mínus
- 17.20 Vatnaskrímliin
- 17.30 Glæstar vonir
- 18.00 Fréttir
- 18.05 Íslenski listinn
- 19.00 19 > 20
- 20.00 Lois og Clark (11:22)
- 21.00 Svona er Pat It's Pat Bandarísk gamanmynd um hinn kvenlega Pat. Pat hefur alltaf vakið forvitni fólks og kannski ekki sist fyrir þær sakir að kynferði hans er á huldu.
- 22.20 Sönn ást True Romance Pemamyndir mánaðarins eru allar úr smíðju Quentins Tarantino. Í þessari mynd er lýst hráslagalegum og ljótum veruleika í undirheimum bandarískrar stórborgar. Stranglega bönnuð börnum.
- 00.20 Loftsteinamaðurinn
- 02.00 Dagskrárlok

Föstudagur

- 16.45 Leiðarljós (555)
- 17.30 Fréttir
- 17.35 Sjónvarpskringlan
- 17.50 Táknálsfréttir
- 18.00 Höfri og vinir hans (3:26)
- 18.25 Negrakossinn (7:7)
- 18.50 Fjör á fjölbraut (21:26)
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.35 Happ í hendi
- 20.40 Dagsljós
- 21.10 Ein úr hópnun Just One of the Girls Bandarísk gamanmynd frá 1993 um skólapiit sem dulþyr sig sem stúlku til þess að forðast helsta fantinn í skólanum og geta verið meira í návist systur hans.
- 22.45 Hjónaleysein (2:13) Mr and Mrs Smith Bandarískur sakamálaflökkur með Scott Bakula og Mariu Bello í aðalhlutverkum.
- 23.35 Asíusambandið Leiðin til Mandalay The Road to Mandalay Bandarísk/áströlsk spennunmynd frá 1995. Stúlka og ungur sonur hennar eru myrt á eyju í Austurlöndum fjær og faðir stúlkunnar er staðráðinn í að koma fram hefndum.
- 01.10 Útvarpsfréttir í dag-skrárlok

Laugardagur

- 09.00 Með afa
- 10.00 Villti Villi
- 10.25 Bibí og félagar
- 11.20 Skippý
- 11.45 Soffía og Virginia
- 12.10 NBA-molar
- 12.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
- 12.55 Suður á bóginn (15:23)
- 13.40 Lois og Clark (13:22)
- 14.25 Fyndnar fjölskyldumyndir
- 14.50 Aðeins ein jörð
- 15.00 Stjörnuleikur KKÍ (5:6)
- 16.40 Andrés önd og Mikki mús
- 17.00 Oprah Winfrey
- 17.45 Glæstar vonir
- 18.05 60 mínútur (e)
- 19.00 19 > 20
- 20.00 Smith og Jones (4:13)
- 20.35 Vinir (16:24)
- 21.05 Payne major Major Payne Benson Winifred Payne major er leystur frá störfum í sjóhernum vegna þess að það er eiginlega ekkert fyrir hann að gera þar. Vondu kallarnir eru annað hvort hættir að vera vondir eða hreinlega dauðir. Gallinn er bara sá að Payne hefur verið alla sína ævi í hernum og kann alls ekki að fóta sig utan herbúðanna.
- 22.45 Harrison - Neyðaropið Harrison: Cry Of The City Spennandi sjónvarpsmynd um einkaspejarann Teddy Harrison sem lætur ekkert aftra sér frá því að komast að sannleikanum. Teddy er fenginn til liðs við lögmenn sem halda uppi vörn-um fyrir ungan mann sem talið er vist að hafi myrt vinsæla dóplöggu. En er allt sem sýnist? Stranglega bönnuð börnum.
- 00.20 Í kjölfar morðingja Striking Distance Stranglega bönnuð börnum.
- 02.00 Dagskrárlok

Laugardagur

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 10.45 Sýrpan
- 11.15 Hlé
- 14.35 Sjónvarpskringlan
- 14.50 Enska knattspyrnan
- 16.50 Íþróttabátturinn
- 17.50 Táknálsfréttir
- 18.00 Ævintýraheimur (11:26)
- 18.30 Hafgían (15:26)
- 19.00 Lífið kallar (15:19) My So Called Life Bandarískur myndaflokkur um ungt fólk sem er að byrja að feta sig áfram í lífinu.
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.35 Lottó
- 20.45 Enn ein stöðin
- 21.15 Heim í heiðardalinn Keep the Change Bandarískur nútímavestri frá 1992 um listnálara á Flórída sem snýr aftur á heimaslóðir sínar í Montana til þess að gera upp sakir við drauga fortíðarinnar.
- 22.55 Maríó og töframaðurinn Mario and der Zauberer Þýsk verðlaunamynd frá 1995 byggð á sögu eftir Thomas Mann sem gerist á uppgangstímum fasista í Evrópu undir 1930.
- 00.55 Útvarpsfréttir í dag-skrárlok

Sunnudagur

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 10.45 Hlé
- 15.05 Góði konungurinn The Good King Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1994 um ungan prins sem leggur allt í sölu til að frelsa þess að frelsa þegna hans forna tékkneska konungsríkis úr fjötum harðstjórna.
- 16.40 Thor Thors sendiherra Hann gerði lítið land að stóru Heimildarþáttur um viðburðaríka ævi Thors Thors fyrsta sendiherra Íslands í Vesturheimi og fastafulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum.
- 17.25 Nýjasta tækni og vísindi
- 17.50 Táknálsfréttir
- 18.00 Stundin okkar
- 18.30 Sterkasti maður heims
- 18.55 Hótel Osló (3:4)
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.35 Krossgötur (4:4)
- 21.10 Ný presturinn (2:6) Ballykisangel Breskur myndaflokkur um ungan prest sem kemur til smábæjar á Írlandi. Viðhorf hans og safnaðarins fara ekki alltaf saman og lendir presturinn í ýmsum sköndnum uppkomum.
- 22.05 Helgarsportíð
- 22.30 Lianna Bandarísk sjónvarpsmynd um konu sem er vansæl í hjónabandi og verður hrifin af annari konu
- 00.20 Útvarpsfréttir í dag-skrárlok

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

ÍSÁFJÖRÐUR:

- Vitinn:** Söluturn í fullum rekstri 34m² húsnæði á besta stað í bænum. Nánari upplýsingar á skrifstofu. Tilboð óskast.
- Dalbraut 10:** 115m² einbýlishús ásamt bílskúr. Skipti á íbúð í Hafnarfirði koma til greina. Verð: 7.800.000,-
- Stórholt 11:** 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus. Verð 4.300.000,-
- Sunnuholt 1:** Eitt glæsilegasta einbýlishúsið í bænum. 277m² ásamt 40m² bílskúr. Verð 15.500.000,-
- Miðtún 31:** 190m² endaraðhús á 2 hæðum. Tilboð óskast.
- Mánagata 6:** Efri hæð 155m² 5-6 herbergja. Laus fljótlega. Verð: 6.300.000,-
- Silfurgata 11:** 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Verð: 4.000.000,-
- Stakkanes 6:** Rúmlega 140m² raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-
- Strandgata 5:** U.þ.b. 65m² 3ja herbergj íbúð á efri hæð í fjölbýli. Laus. Góð greiðslukjör.
- Strandgata 7:** Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.500.000,-
- Pólgata 4:** 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-



Urðarvegur 60: Glæsilegt raðhús, alls rúmlega 200m², ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni koma til greina. Tilboð.



Disarland 8: Tvílyft einbýlishús með innbyggðum bílskúr, samtals 290m². Mjög gott útsýni. Tilboð.

BOLUNGARVÍK:

- Ljósaland 6:** 2x126m² einbýlishús. Hagstæð lán. Verð: 7.500.000,-
- Hafnargata 46:** Allt húsið. Selst ódyrt.
- Hlíðarstræti 7:** 110m² einbýlishús ásamt tvöföldum bílskúr. Verð: 6.000.000,-
- Holtabrún 6:** 230m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggð-um bílskúr. Verð: 10.000.000,-
- Holtagata 9:** Lítið og snyrtilegt einbýlishús úr timbri. Húsið er laust. Verð: 3.800.000,-
- Skólastígur 20:** 140m² á 2. hæð í parhúsi. Verð: 1.600.000,-
- Stigahlíð 2 og 4:** 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-
- Traðarland 10:** Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7.200.000,-
- Traðarland 24:** 200m² einbýlishús í lélegu ástandi. Selst ódyrt á góðum kjörum.
- Vitastígur 11:** Neðri hæð. 82m² 3ja herbergja íbúð. Tilboð óskast.
- Vitastígur 21:** 3ja herbergja íbúð á efri hæð. Laus eftir samkomulagi. Verð: 2.600.000,-
- Völusteinsstræti 4:** 2x126m² einbýlishús. Skipti á minni eign koma til greina. Verð 9.500.000,-

SUÐUREYRI:

- Hlíðarvegur 3:** 147m² tvílyft einbýlishús auk 40m² bílskúrs. Eignin er í mikilli niðurniðslu og selst ódyrt.
- Hlíðarvegur 10:** Efri hæð u.þ.b. 140m² sérhæð ásamt hálfum bílskúr.
- Aðalgata 9:** U.þ.b. 90m² einbýlishús.



ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRDUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Tvítugur Ísfirðingur

Kærður fyrir fimm líkamsárásir

Eins og fram kemur annars staðar í blaðinu, var lögð fram ein kæra um líkamsárás um síðustu áramót. Tveir ungir menn eru grunaðir um að hafa veitt þriðja aðila töluverða áverka eftir að til átaka kom á milli þeirra á nýársnótt.

Með þessu tilviki hefur annar árársaðilanna, tvítugur Ísfirðingur, verið kærður fyrir fimm líkamsárásir á tæpu ári. Hafa þrjú þeirra verið send til ríkissaksóknara en tvö málanna

munu enn vera í rannsókn hjá lögreglu. Þrjú af árársárum um munu vera stórfelldar líkamsárásir en hin tvö munu vera heldur minni.

Umræddur maður mun vera grunaður um að hafa komið við sögu í fleiri líkamsárásarmálum, sem ekki hafa verið kærð til lögreglu auk þess sem maðurinn mun hafa verið kærður í málum er snerta fíkniefnamisferli.

Íbúar á Vestfjörðum

Hafa aldrei verið færri

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands yfir mannfjölda á Íslandi miðað við 1. desember 1996, voru íbúar á Vestfjörðum 8.856 talsins, sem svarar til 13,7% fækkunar frá árinu 1985, en þá voru íbúar Vestfjarða 10.262.

Hafa íbúar kjördæmisins

ekki verið jafn fáir í 136 ár eða frá árinu 1860. Árið 1990 voru íbúar Vestfjarða 9.798 og fimm árum síðar voru þeir orðnir 9.015 talsins. Á milli áruna 1984 og 1985 fækkaði íbúum Vestfjarða um 435 eða 4,6% og milli áruna 1985 og 1986 fækkaði þeim um 1,8%.



Pétur Gíslason og Guðrún Kristín Guðmannsdóttir, foreldrar fyrsta barns ársins á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, ásamt syni sínum. Myndin er tekin á fæðingardeild FSÍ á öðrum degi ársins, rúmum þrettán klukkustundum eftir að drengurinn fæddist.

Fjórðungssjúkrahúsið

Fyrsta barn ársins

Fyrsta barnið sem kom í heiminn á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði á nýbyrjuðu ári, fæddist kl. 21:35 á nýársdag. Barnið sem er drengur, reyndist vera 16,5 mörk og 54 sm. Foreldrar nýársbarnsins eru þau Guðrún Kristín Guðmannsdóttir og Pétur

Gíslason, til heimilis að Urðarvegi 78 á Ísafirði.

Að sögn Agóthu Sigurðar-

dóttur, ljósmóður við FSÍ, fæddust 89 börn á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði á síðasta

ári, eða tíu börnum fleira en árið á undan. Ekkert barn fæddist yfir jólahátíðina en þrjú komu í heiminn síðustu dagana fyrir jól, og síðasta barn ársins fæddist 28. desember og reyndist það vera stúlka.

Jólafríi vestfirskra togarasjómannanna lokið

Haldið til hafs á ný

Allur togarafloiti Ísfirðinga hélt til veiða á fimmtudag í síðustu viku eftir stöpp í landi yfir jól og áramót. Flest skipin komu til lands tvo síðustu dagana fyrir jól og hafa öll legið við bryggju yfir hátíðarnar að Páli Pálssyni undanskildum, sem hélt til veiða á milli jóla og nýárs og landaði 80 tonnum af þorski og ýsu 2. janúar.

Páll Pálsson landaði einnig 80 tonnum 15. desember og þann dag landaði Stefnir einnig 45 tonnum af blönduðum afla. Framnes landaði 21. desember, 26 tonnum af blönduðum afla og sama dag landaði Orri 42 tonnum af frosinni grálúðu og karfa að verðmæti um 8 millj-



Allur togarafloiti Ísfirðinga hélt til veiða á fimmtudag í síðustu viku eftir nær tveggja vikna stöpp vegna jólahátíðarinnar. Bessi frá Súðavík, sem sést á meðfylgjandi mynd hélt hins vegar til veiða á sunnudagskvöld.

ónir króna. Daginn fyrir Þorláksmessu landaði síðan Skutull 120 tonnum af frosinni rækju, Guðbjörg landaði 320 tonnum af frosinni rækju að verðmæti um 50 milljónir

króna og Júlíus Geirmundsson landaði 203 tonnum að verðmæti um 51 milljón króna. Uppistaða í afla Júlíusar var þorskur og grálúða.

Að sögn Hermanns Skúla-

sonar, hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar, komu um 20.500 tonn að landi í Ísafjarðarhöfn á síðasta ári og er þá ótalinn allur sá afli sem fluttur var erlendis í gámum.

Bolungarvík

Grétar tekur við Dagrúnu

Grétar Kristjánsson, skipstjóri, sem um tuttugu ára skeið hefur verið við stjórnvölinn á skuttogaranum Stefni ÍS og áður Gyllir, sem er eitt og sama skipið, hefur tekið við skipstjórn á togaranum Dagrúnu frá Bolungarvík.

Grétar hefur frá upphafi

skipstjórnarferils síns verið með aflahæstu skipstjórum á Vestfjörðum og lætur nærri að Stefnir og Gyllir hafi borið um 70 þúsund tonn að landi í hans tíð. Ástæðan fyrir flutningi Grétars á milli framan-greindra skipa mun vera væntingar um afkomubata.



Stefni ÍS-28.



Fyllum Jakann!

KFÍ - Skallagrímur

Föstudaginn 10. janúar kl. 20:00

Fyllum Jakann!

